

MOSFELLINGUR

1. tbl. 9. árg. föstudagur 15. janúar 2010. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós

Embla Ágústsdóttir, 19 ára, lætur fötlunina ekki stöðva sig

MOSFELLINGUR ÁRSINS 2009


Embla Ágústsdóttir er fyrsta konan til að hljóta nafnbótina Mosfellingur ársins. Embla hefur á engan hátt látið hreyfihömlun sína hindra sig í að lifa lífinu og ná háleitum markmiðum sínum í námi og starfi. Með því að miðla af reynslu sinni og lífssýn hefur hún unnið að því að breyta viðhorfum til fatlaðra og fengið fólk til að skilja að þó hreyfihömlun sé áskorun þá sé hún ekki endilega hindrun eða afsökun. Embla hefur að undanförmu haldið fjölda fyrirlestra bæði í háskólum landsins og á ýmsum ráðstefnum sem tengjast málefnum fatlaðs fólks. Embla er nemandi á félagsfræðibraut í Borgarholtsskóla og stefnir á háskólanám í fötlunar- og kynjafræðum. Þetta er í fimmta sinn sem Mosfellingur veitir þessa viðurkenningu. »6



Mynd/Hilmur


EIGN VIKUNNAR

Blikahöfði - 2ja herbergja



Rúmgóð og björt 77 m², 2ja herbergja íbúð með sérinnangi af svalagangi, á 3ju hæð við Blikahöfði í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, rúmgott svefnherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir sérgæmsla á 1. hæð ásamt hlutdeild í sameiginlegri vagna- og hjólagæmslu. Svalir í suðvestur með fallegu útsýni. **Eignin er laus til afhendingar! V.16,9 m.**

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali • www.fastmos.is



RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is

Ný
CABAS
tjónaskoðun



Vottað
verkstæði

Þjónustuverkstæði
útvægum bílaleigubíla



MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatanga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
ruth@mosfellingur.is
Prentun: Oddi Upplag: 4000 eintök
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Próförk: Hjördís Kvaran Einarsdóttir

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Næsta blað kemur út 6. febrúar

Einstök Embla

Bæjarblaðið Mosfellingur hefur nú sinn 9. árgang.

Embla Ágústsdóttir er Mosfellingur ársins 2009. Kraftmikil ung kona sem lítur á hreyfihömlun sína sem áskorun. Hún vinnur hörðum höndum að því að breyta viðhorfi samfélagsins til fatlaðra. Embla er vel að nafnbótinni komin og óskum við henni til hamingju.



Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

Þeir sem komu að þrettánda-brennunni hér í Mosfellsbæ eiga hrós skilið fyrir frábæra skemmtun. Öll umgjörð var til mikillar fyrirmyndar og hefur þessi viðburður gríðarlegt aðdráttarafl á fólk frá öllu höfuðborgarsvæðinu og þó víðar væri leitað. Flugeldasýningin hjá Kyndli toppaði kvöldið svo gjörsamlega.

Blaðið að þessu sinni litast af umræðu frambjóðenda sem bjóða sig fram í prófkjörum á næstunni. Ánægjulegt er til þess að vita að fólk vilji láta gott af sér leiða fyrir bæjarfélagið.



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

Þrátt fyrir vaxandi skólastarf í Brúarlandi á fjórða áratug síðustu aldar voru enn dæmi um heimakennslu. Samgöngur hafa eflaust átt þátt í að viðhalda því fyrirkomulagi. Árið 1933 eru í Prófabók Brúarlandsskóla skráðir nemendur sem fengu heimakennslu í Reykjahlíð, Suður-Reykjum og í Gufunesi. Öll börnin tóku þó próf hjá Lárusi en séra Hálfðán Helgason var prófdómari.

Myndin sýnir skólapilta sem fengu heimakennslu á Suður-Reykjum: Frá vinstri: Friðrik Pétursson kennari, Jón M. Guðmundsson, Jóel Jóelsson, Andrés H. Guðmundsson, Sveinn Guðmundsson, Þórður Guðmundsson.

Texti: Birgir D. Sveinsson.
Mynd í eigu Salome Porkelsdóttur.



HÉÐAN OG ÞAÐAN



Kíktu inn á www.matarlist.is til að kíkja á frábærar uppskriftir og hugmyndir varðandi matargerð og matarmenningu.



Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Sími: **586 8080**
www.fastmos.is

Viltu leigja?

- VANTAR EIGNIR Á SKRÁ -

Svanþór Einarsson, löggiltur leigumiðlari
Einar Páll Kjærnested, löggiltur leigumiðlari



▶ Klapparhlíð - 50 ára og eldri

Mjög falleg og rúmgóð 2ja herbergja, 90,9 fm íbúð, á 3ju hæð í 4ra hæða lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri. Fallegar flisar og askur á gólfum, baðherbergi með sturtuklefa og handklæðabofni og stórt hjónaherbergi. Mjög fallegt útsýni er úr húsinu og stórar svalir. **Íbúðin er laus til afhendingar strax.**
V. 24,5 m.



▶ Lindarbyggð - Parhús

Fallegt 154 fm parhús ásamt 23 fm bílskúr innst í botnlanga. Húsið skiptist í forstofu, innra hol, stórar stofur sem eru með mikilli lofthæð, eldhús, þvottahús, baðherbergi og þrjú herbergi auk innbyggðs bílskúrs. Innri hluti stofunnar er sólstofa og úr henni er gengið út á fallega timburverönd með heitum potti og fallegan garð.
V. 39,5 m.



▶ Grundartangi - Raðhús

72,4 m² raðhús á einni hæð við Grundartanga 6 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, þvottahús/geymslu, tvö svefnherbergi, eldhús og stofu. Fallegur garður í suðvestur.
V. 21,7 m.



▶ Aðaltún - Parhús

Mjög fallegt 142,4 fm parhús á tveimur hæðum, með innbyggðum bílskúr við Aðaltún í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er eldhús, stofa, baðherbergi, vinnuherbergi og forstofa. Á 2. hæð er sjónvarpshol og þrjú svefnherbergi. Rúmgóður bílskúr og stórt hellulagt bílapiplán. Stór vesturgarður með fallegu útsýni.
V. 36,9 m.



▶ Brekkutangi - Raðhús

254,0 m² raðhús á þremur hæðum og bílskúr við Brekkutanga í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 5 svefnherbergi. Fallegur garður í suðvestur. Eignin fæst á hagstæðu verði.

V. 39,7 m.



▶ Bollatangi - Endaraðhús


Fallegt 154,7 m² endaraðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Bollatanga 2 í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 4 svefnherbergi. Falleg aðkoma er að húsinu, steyp bilastæði og garðurinn gróinn með timburveröndum.

V. 37,5 m.



▶ Bugðutangi - Raðhús

Vel staðsett tvílyft 201,6 m² raðhús með bílskúr. Á efri hæðinni eru stórar stofur, nýstandsett eldhús, baðherbergi, búr og baðherbergi. Í kjallara er sjónvarpshol, tvö herbergi, geymsla, þvottahús, snyrting og bílskúr. Garðurinn er til suðurs með verönd. **Seljandi skoðar skipti á minni eign.**
V. 35,9 m.



▶ Spóahöfði - Raðhús

Glæsilegt 175,1 m² raðhús með bílskúr við Spóahöfða í Mosfellsbæ. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi. Þetta er falleg eign í góðu hverfi á vinsælum stað í Mosfellsbæ.

V. 42,9 m.



▶ Spóahöfði - Efri sérhæð

Glæsileg 199,3 fm efri sérhæð með innbyggðum 28,2 fm bílskúr í fallegu tvíbýlishúsi. Í húsinu eru þrjú rúmgóð herbergi + sjónvarpsherbergi (sem hægt er að breyta í svefnherbergi) Innréttingar eru úr hlyn, hvíttuð eik og náttúruflisar á gólfum, innfelld hallogenlýsing er í húsinu.
V. 47,9 m.



▶ Hjallahlíð + Bílskúr

3-4ra herbergja, 94 m² íbúð á jarðhæð með sérinnngangi í litlu fjórþýli ásamt 27,7 m² bílskúr við Hjallahlíð í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, tvö rúmgóð svefnherbergi (auðvelt að bæta við svefnherbergi), baðherbergi, rúmgóða stofu og borðstofu og eldhús.
V. 25,7 m.



▶ Stórikriki - 4ra herbergja

Mjög falleg 135,8 m², 4ra herbergja íbúð á 3. hæð ásamt 23,7 m² bílskúr í 3ja hæða lyftublokk við Stórikrika 1 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í rúmgóða stofu og borðstofu, eldhús, stórt hjónaherbergi, tvö góð barnaherbergi, baðherbergi með baðkari og sturtuklefa, sér þvottahús og rúmgóðan bílskúr með stórra geymslu.
V. 32,8 m.



▶ Klapparhlíð - 3ja herbergja

3ja herbergja, 81,9 fm íbúð á efstu hæð með sérinnngangi í 3ja hæða fjórþýli við Klapparhlíð í Mosfellsbæ. Rétt hjá húsinu er leikskólinn Hulduberg, grunnskólinn Lágafellsskóli, glæsileg sundlaug og World Class.
V. 19,9 m



Hjúkrunarheimili í Víðinesi lokar

Hjúkrunarheimilinu í Víðinesi verður lokað 1. september samkvæmt ákvörðun félags- og tryggingamálaráðuneytis. Heimilisfólk mun við lokunina flytjast á nýtt hjúkrunarheimili á Suðurlandsbraut sem stjórnvöld byggja nú í samstarfi við Reykjavíkurborg. Starfsfólk í Víðinesi mun njóta forgangs í störf á nýja hjúkrunarheimilinu. Rúmlega 160 manns starfa á heimilunum. Í Víðinesi eru tvær deildir fyrir 38 heimilismenn. Það var opnað eftir miklar endurbætur árið 1999.



Eldri borgarar láta gott af sér leiða

Þátttakendur í félagsstarfi eldri borgara gáfu fyrir jólin ágóða af sölu muna af jólabasar til Líknarsjóðs Lágafellssóknar að upphæð kr. 500.000. Úthlutun fjáris er í samvinnu við Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar. Að sögn félagsmálastjóra bæjarins, Unnar V. Ingólfssdóttur, má merkja fjölgun þeirra sem eiga erfitt með að ná endum saman með t.d. aukinni eftirspurn eftir fjárhagsaðstoð og því er gjöf þessi kærkomin. „Þar sem margir eldri borgarar muna tímana tvenna, er það þeim mikil ánægja að geta glatt þá sem þurfa á hjálp að halda,” segir Svanhildur Þorkelsdóttir, umsjónarmaður Félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ.

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Mosfellingar taka upp nágrannavörslu

Samvinna nágranna

Mosfellsbær, Sjóvá og Lögregla höfuðborgarsvæðisins hafa hafið samstarf um nágrannavörslu í Mosfellsbæ í samvinnu við íbúa. Fyrsta gatan til að taka þátt í nágrannavörslu í Mosfellsbæ er Rituhöfði.

Nágrannavarsla hefur fyrir löngu sannað sig sem mikilvægur hlekkur í að fækka glæpum og þá sérstaklega innbrotum á heimili, í bíla og almennum þjófnaði á eignum fólks. Þar sem nágrannavarsla er virk hefur skemmdarverkum einnig fækkað og dregið hefur úr veggjakroti.

Nágrannavarsla felst í samvinnu nágranna um að gera umhverfi sitt og heimili öruggari. Með því móti er leitast við að draga úr innbrotum, þjófnaði og skemmdarverkum. Nágrannavarsla hefur verið þekkt í áratugi og hefur víða verið sett upp með góðum árangri bæði á Íslandi og víða erlendis.



Íbúar Rituhöfða hafa gert samning um nágrannavörslu í götunni.

Á myndinni má sjá samheldin hóp íbúa í Rituhöfða taka við skilti frá Mosfellsbæ til staðfestingar þess að nágrannavarsla sé í götunni.

Það er Bryngeir Jónsson götustjóri Rituhöfða sem tekur formlega við skiltinu úr höndum Haraldar Sverrissonar bæjarstjóra.

Haldið var upp á aldarafmæli kvenfélags Lágafellssóknar í Hlégarði

Kvenfélag Lágafellssóknar 100 ára

Kvenfélag Lágafellssóknar fagnar þeim merkisviðburði nú um stundir að hafa verið starfandi í heila öld. Annan dag jóla árið 1909, kl. 12 á hádegi var stofnfundur Kvenfélags Kjalarneshrepps (síðar breytt í Kvenfélag Lágafellssóknar) haldinn á Völlum á Kjalarnesi, stofnendur voru 11 konur. Fyrsti formaður félagsins var Guðrún Jósefsdóttir frá Völlum. Samþykkt var á fyrsta fundi að félagið skyldi vinna að því að styðja og styrkja fátæka.

Mosfellingar fyrr og nú hafa notið góðs af öllu því góða starfi sem kvenfélagið hefur innt af hendi og má til sanns vegar færa að félagið hafi lagt grunn að því samfélagi sem við búum nú í. Það hélt út öflugu starfi á sviði félagsþjónustu, fræðslu og menningar og var í raun, ásamt ungmenntafélaginu, kjölfestan í félagslífi Mosfellinga fram eftir 20. öldinni.

Mosfellsbær tók saman afmælisrit í tilefni þessa merkisviðburðar sem hægt er að skoða á www.mos.is



Stjórn kvenfélagsins: Frá vinstri, Sigrún Sigurðardóttir, Ingimunda Loftsdóttir, Esther B. Gunnarsdóttir og Aðalheiður Úlfssdóttir.

Mosfellsbær færði kvenfélaginu afmælisrit að gjöf sem má skoða inn á www.mos.is



Helgihald næstu vikna

17. janúar

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11.
Sr. Skírnir Garðarsson

24. janúar

TAIZE - Kvöldguðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 20.
Sr. Skírnir Garðarsson

31. janúar

Guðsþjónusta í Mosfellskirkju kl. 11.
Sr. Skírnir Garðarsson

Sunnudagaskólinn er í Lágafellskirkju á sunnudögum kl. 13.

www.lagafellskirkja.is



Allar nánari upplýsingar um helgihald og safnaðarstarfið er hægt að nálgast á heimsíðu sóknarinnar: www.lagafellskirkja.is

ÞORRABLÓT

AFTURELDINGAR



laugardagskvöldið 23. janúar 2010

Í ÞRÓTTAHÚSINU AÐ VARMÁ

**INGÓ OG
VEÐURGUDIRNIR**

**BOB GILLAN OG
ZTRANDVERÐIRNIR**

**VEISLUSTJÓRAR
AUDDI OG SVEPPI**

**HÚSIÐ OPNAR KL. 19
BORDHALD HEFST KL. 20**

**VIGNIR Í HLÉGARDI
SÉR UM HLADBORDIÐ**

**MINNI KARLA
MINNI KVENNA**

N1

SUBWAY

TRYGGIÐ
YKKUR MIÐA

Forsalan er hafin á N1 í Háholti

Upplýsingar varðandi borðapantanir í síma 692-4005 (Anna Ólöf)

■ Miðaverð: 6.500 kr. ■ Miði eftir kl. 23:30: 2000 kr. í forsölu / 2.500 kr. við inngang



Allur ágóði rennur til barna- og unglingastarfs Aftureldingar



Húfur fyrir öll börn fædd á árinu 2010

Í tilefni af 80 ára afmæli Kvenfélagsambands Íslands árið 2010 ætla kvenfélagskonur um allt land að þrjóna húfur handa öllum börnum er fæddast á árinu 2010 og vilja konur í kvenfélögum með þessu senda hlýjar kveðjur til nýrra þjóðfélagsþegna og foreldra þeirra. Af þessu tilefni komu þær kvenfélagskonur, Sigríður Finnbjörnsdóttir formaður Kvenfélagsambands Gullbringu- og Kjósarsýslu og Oddný Þóra Helgadóttir „húfu-meistari“ K.S.G.K. með fyrsta húfuskammt. Innan K.S.G.K. eru tíu félög með samtals um 1000 félagskonum.

Höskuldur hlýtur Ásuverðlaunin

Höskuldur Þráinsson, prófessor í íslenskum málvísindum, hlaut á dögunum heiðursverðlaun Ásusjóðs, sem stofnaður var af Ásu Guðmundsdóttur Wright. Höskuldur hlýtur verðlaunin fyrir störf sín sem málvísindamaður og fyrir frábæra færni í að koma þekkingu sinni á framfæri. Hann hefur verið prófessor í íslensku við Háskóla Íslands frá árinu 1980, forseti og varaforseti heimspékideildar, forstöðumaður Málvísindastofnunar Háskóla Íslands og er nú stjórnarformaður Hugvísindastofnunar. Hann var ritstjóri Íslensks máls árin 1980-83 og aftur frá 1996.



Mosfellingur ársins 2009 er Embla Ágústsdóttir 19 ára

Fötlun er ekki afsökun, heldur áskorun

Embla Ágústsdóttir er 19 ára Mosfellingur sem hefur til-einkað sér það lífsviðhorf að líta á hindranir sem áskoranir í lífinu. Hún er þeirrar skoðunar að erfiðleikar séu einungis erfiðleikar ef við gefumst upp fyrir þeim. Embla lýsir fötlun sinni ekki sem einhverju neikvæðu, heldur sé það samfélagið sem mæti henni oft með fordómum, neikvæðni og takmörkuðum skilningi.

Hún er handhafi Kærleikskúlunnar 2009 sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra veitir ár hvert. Embla hefur haldið fjölda fyrirlestra tengda málefnum fatlaðra auk sjálfstyrkingarnámskeiðs fyrir hreyfihamlaðar ungar stúlkur sem ber yfirskriftina „Að brjótast gegnum takmarkanir“.

Heimsmethafi í flugsundi

Embla tók virkan þátt í starfi Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar á sínum yngri árum og spilaði þar á slagverk. Hún æfði sund í átta ár með íþróttafélagi fatlaðra og setti heimsmet í 50 m flugsundi vorið 2008. Þess má geta að Embla er mest hreyfihamlaða sundkona á Íslandi til þessa og lítur hún á það sem mikilvægt hlutverk sitt að hvetja fólk með mikla hreyfiömlun til íþróttaiðkunar. „Ég er mikil félagsvera og náin samskipti og nærvera við annað fólk skiptir mig miklu máli“ segir Embla.

Framúrskarandi fyrirmynd

„Fötlun er ekki afsökun, heldur áskorun“ eru einkunnarorð Emblu í lífinu og lifir hún eftir þeim. Hennar lífsýn einkennist af því að líta á allar hindranir í lífinu sem áskoranir og tækifæri til þess að þroskast sem manneskja. Embla er framúrskarandi fyrirmynd og óskum við henni velfarnaðar í framtíðinni með von um að hún haldi ótraud áfram að breyta viðhorfum samfélagsins í garð fatlaðra.

Aldrei áður hafa jafn margar tilnefningar og ábendingar um nafnbótina borist en þetta er í fimmta sinn sem blaðið heiðrar Mosfelling ársins.



Embla Ágústsdóttir tekur við nafnbótinni Mosfellingur ársins úr höndum Hilmaris Gunnarssonar ritstjóra Mosfellingar. Mosfellingur afhenti Emblu glæsilegt listaverk eftir leirlistakonuna Þóru Sigurþórsdóttur á Hvirfli.



Forsalan á N1. Böel Kristjánsdóttir kaupir hér miða undir öruggu eftirliti Rúnar Braga forseta Þorablaðsnefndarinnar.

Forsala hafin á árlegt Þorablað Aftureldingar

Risablót framundan

Nú stendur undirbúningur sem hæst fyrir árlegt Þorablað Aftureldingar sem fer fram laugardaginn 23. janúar í íþróttahúsinu að Varmá. Óhætt er að segja að Þorablaðið sé einn stærsti viðburður sem fram fer innandyrna í Mosfellsbæ ár hvert.

Blótið er nú haldið í þriðja sinn í röð en það var endurvakið árið 2008 eftir nokkurt hlé. Fjöldi skemmtiatriða eru í boði en veislustjórar eru þeir Sveppi og Auddi. Mosfellska sveitin Bob Gillan og Ztrandverðirnir mun leika fyrir dansi auk Veðurguðanna með Ingó í fararbroddi.

„Forsala miða hófst í vikunni og fór gríðarlega vel af stað en hægt er að kaupa miða á N1 í Háholti. Þorablaðið er opið öllum Mosfellingum og rennur ágóðinn til barna- og unglingastarfs Aftureldingar,” segir Rúnar Bragi Guðlaugsson formaður Þorablaðsnefndar. „Yfir þúsund manns mættu í matinn og á dansleikinn í fyrra sem heppnaðist mjög vel. Það er því von okkar sem að þessu standa að Mosfellingar fjölmenni á þennan stórvíðburð í bæjarfélaginu og láti sig ekki vanta þann 23. janúar,” segir Rúnar Bragi.

ELDRI BORGARAR

Handverksstofan

Í handverksstofunni Eirhömr-um, sem er opin alla virka daga frá kl. 13-16, hefur nýr leiðbeinandi, Elva Björg Pálsdóttir, tekið til starfa. Boðið verður uppá leiðsögn í margs konar handverki s.s. þæfingu, leirmunagerð, glervinnu auk almennrar handavinnu.

Winnipeg í Manitobafylki

Nú hefur verið ákveðin dagsetning, verð og skipulag ferðar til Winnipeg í lok ágúst. Búið er að panta beint flug þangað með Iceland Express, en það er nýr áfangastaður flugfélagsins. Beint flug til Winnipeg gerir ferðina mun þægilegri og ódýrari. Fundur um þessa ferð verður fimmtudaginn 21. janúar kl. 19.30 í Safnaðarheimilinu Þverholti 3, þar verður m.a. hægt að skrá væntanlega þátttakendur og nánari upplýsingar veittar.

Námskeið!

Tréskurður er á fimmtudögum kl.12.30
Bókband byrjar þriðjudaginn 26. jan. kl. 13.
Leikfimi er á fimmtudögum kl. 11.15
Línudans byrjar þriðjudaginn 19. jan kl. 16.30
Vorboðar kór eldri borgara er með kóræfingar á miðvikudögum kl. 15.15

Skráningar og upplýsingar á skrifstofu félagsstarfsins Eirhömrur kl. 13-16 sími 5868014 og 6920814.

Langir miðvikudagar í vetur!

Nú er opið til 20 á miðvikudögum
mán.-þri. & fim. frá 09-17
fös. frá 09-18

Opið alla laugardaga frá 09-14

Tímamantanir í síma 5668500

Okkur vantar góðan hársnyrtisvein eða meistara í lið með okkur

Minum á snyrtistofuna Elviru!



Við óskum Mosfellingum og nærsveitungum
gleðilegs árs og þökkum viðskiptin á liðnum árum.



Arndís
Meistari



Olga
Meistari



Ingibjörg
Sveinn



Dagný
Sveinn



Inga Birna
Sveinspróf í vor



Gunnhildur
Sveinspróf í vor

Frambjóðendur undirbúa sig fyrir prófkjör

Sjálfstæðisflokkur og Samfylking efna til prófkjörs á næstu vikum til að stilla upp á lista fyrir sveitarstjórnakosningarnar sem fram fara í maí. Fimmtán frambjóðendur gefa kost á sér hjá Sjálfstæðisflokknum í prófkjörinu 6. feb. Hjá Samfylkingu eru 11 sem bjóða sig fram í prófkjöri 30. jan. Allir sitjandi bæjarfulltrúar flokkanna bjóða sig fram til áframhaldandi setu. Uppstillingarnefnd sér að öllum líkindum um uppröðun á lista Framsóknar og Vinstri Grænna.

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins fer fram 6. febrúar



Fimmtán sjálfstæðismenn skiluðu inn framboðum þegar skilafresti lauk á gamlársmorgun. **Efri röð:** Hafsteinn Pálsson, Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson, Rúnar Bragi Guðlaugsson, Hjörtur Methúsalemsson, Haraldur Sverrisson, Haraldur Haraldsson, Örn Jónasson, Elías Pétursson og Theodór Kristjánsson. **Fremri röð:** Júlía M. Jónsdóttir, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Herdís Sigurjónsdóttir, Bryndís Haralds og Eva Magnúsdóttir. Á myndina vantar Þórhall Kristvinsson.

Prófkjör Samfylkingarinnar fer fram 30. janúar



Ellefu menn skiluðu inn framboðum sínum til Samfylkingarinnar þann 9. janúar. **Efri röð:** Jónas Rafnar Ingason, Anna Sigríður Guðnadóttir, Valdimar Leó Friðriksson, Sigrún Pálsdóttir, Gerður Pálsdóttir og Þóra Bjarney Guðmundsdóttir. **Fremri röð:** Baldur Ingi Ólafsson, Hanna Bjartmars Arnardóttir, Gunnlaugur B. Ólafsson og Lís Sigríður Greipsson. Á myndina vantar Jónas Sigurðsson.

Kjör íþróttamanns og íþróttakonu Mosfellsbæjar 2009

Í tilefni að kjöri íþróttakonu og íþróttakarls Mosfellsbæjar fyrir árið 2009 er bæjarbúum boðið að vera viðstaddir og heiðra íþróttafólkið.

Kjörið fer fram í Íþróttamiðstöðinni að Varmá sunnudaginn 17. janúar kl. 14.

Einnig verða veittar viðurkenningar til þeirra einstaklinga sem hafa orðið Íslandsmeistarar, bikarmeistarar, landsmótsmeistarar og fyrir að æfa og/eða keppa með landsliði. Veittar verða viðurkenningar til efnilegasta stráks og stelpu 16 ára og yngri í hverri grein.

Íþrótt- og tómstundanefnd



VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA MOSFELLSBÆR



Kiddi Rót við nýja staðinn í Háholtinu.

Opnar veitingastað í Háolti um miðjan febrúar

Kiddi Rót undirbýr opnun

Unnið er nú hörðum höndum að því að innrétta nýjan veitingastað í Háolti við hlið Krónunnar. Stefnt er að því að opna þar Cafe Kidda Rót um miðjan næsta mánuð. Kiddi Rót rak áður stað í Hveragerði og hefur gert síðastliðin fimm ár. Um er að ræða veitingastað sem býður upp á fjölbreyttan matseðil á góðu verði að sögn Kidda. „Við erum frægastir fyrir okkar rómantísku hamburgara sem eru þeir bestu á landinu. Við notum eingöngu topp hráefni og metnaður lagður í hvern rétt“ segir Kiddi. Staðurinn kemur til með að

taka rúmlega 100 manns í sæti og er 340 fm² að stærð. Á boðstólnum verða pítsur, steikur, hamburgarar, austurlenskir réttir auk heimilismatar í hádeginu. Opið verður til kl. 22 á kvöldin nema við sérstök tilefni. „Við erum hvorki að fara reka kaffihús né pöbb, heldur klassa veitingastað fyrir alla fjölskylduna. Við verðum þó að sjálfsögðu með vínveitingaleyfi og sýnum helstu kappaleiki á risaskjá. Hér eiga allir að fíla sig velkomna“ segir Kiddi.

Strákarnir í Mottó vinna nú að því að innrétta staðinn.



HEIMILISMATUR Í HÁDEGINU

1290,-



Samvinna um nágrannavörslu

Mosfellsbær, Sjóvá og Lögregla höfuðborgarsvæðisins hafa hafið samstarf um nágrannavörslu í Mosfellsbæ í samvinnu við íbúa

Nágrannavarsla hefur fyrir löngu sannað sig sem mikilvægur hlekkur í að fækka glæpum og þá sérstaklega innbrotum á heimili, í bíla og almennum þjófnaði á eignum fólks. Þar sem nágrannavarsla er virk hefur skemmdarverkum einnig fækkað og dregið úr veggjakroti.

Nágrannavarsla felst í samvinnu nágranna um að gera umhverfi sitt og heimili öruggari. Með því móti er leitast við að draga úr innbrotum, þjófnaði og skemmdarverkum. Nágrannavarsla hefur verið þekkt í áratugi og hefur víða verið sett upp með góðum árangri bæði á Íslandi og víða erlendis.

Verklagsreglur

1. Íbúar þeirra gatna sem áhuga hafa á að taka þátt í nágrannavörslu í Mosfellsbæ tengilið, svokallaðan götustjóra.

Nánari upplýsinga má nálgast á vef Mosfellsbæjar á slóðinni mos.is/nagrannavarsla eða hjá Þjónustuveri Mosfellsbæjar í síma 525 6700.



Hlutverk götustjóra er:

- Að miðla upplýsingum til íbúa götunnar um verkefnið.
 - Að safna upplýsingum um nöfn og netföng íbúa í þeim tilgangi að lögregla geti komið á framfæri upplýsingum til íbúa ef með þarf og að Þjónustuver Mosfellsbæjar geti komið upplýsingum um gögn vegna nágrannavörslu til íbúa.
 - Að senda Þjónustuveri Mosfellsbæjar og fulltrúa lögreglunnar nafna og netfangalistann.
2. Götustjóri kemur upplýsingum til þjónustuvers Mosfellsbæjar um vilja íbúa götunnar til að taka þátt í verkefninu, ásamt upplýsingum um fjölda íbúða í götunni. Þjónustuver kemur þeim upplýsingum til Sjóvá sem lætur útbúa götuskilti, límmiða til að setja í glugga, ásamt handbók um nágrannavörslu. Sjóvá kemur þessum gögnum til þjónustuvers. Þjónustuver kallar til liðsmenn úr áhaldahúsi til að setja upp skilti við götu og sendir íbúum tölvupóst um að nálgast megi handbækur og límmiða í þjónustuver.
3. Íbúar sækja gögn frá Sjóvá handbók og límmiða í Þjónustuver Mosfellsbæjar.



Bryndís gefur kost á sér í 2. sætið

Bryndís Haralds, athafna-móðir gefur kost á sér í prófkjöri sjálfstæðismanna sem fram fer 6. febrúar. Bryndís hefur verið varabæjarfulltrúi frá árinu 2002 á þeim tíma hefur hún gegnt formennsku í atvinnu- og ferðamálanefnd og skipulags- og bygginganefnd. Bryndís var varabíngmaður á árunum 2003-2009 og tók tvisvar sæti á þingi. Bryndís hefur tekið virkan þátt í starfi flokksins frá árinu 2002. Hún er viðskiptafræðingur, gift Örnólfi Örnólfssyni rafvirkja-meistara og eiga þau þrjú börn. Frekari upplýsingar um Bryndísi og framboð hennar má finna á www.bryndisharalds.is.



Hólmfríður tilnefnd til hlaupara ársins

Hlaup.is hefur ákveðið að standa fyrir vali á langhlaupara ársins 2009 bæði í karla- og kvenna-flokki. Þá er einkum horft til afreka í götu- og utanvegahlaupum. Hólmfríður Vala Svavarsdóttir, 36 ára Mosfellingur, er ein af fimm konum sem eru tilnefndar sem langhlaupari ársins 2009. Í tilnefningunni segir: Hólmfríður Vala, fyrir að sigra í Laugavegs-hlaupinu á 5:33:10 klst. sem er um tveimur mínútum frá besta árangri íslenskrar konu. Hægt er að kjósa inn á www.hlaup.is til miðnættis 15. janúar.



Pósturinn bætir við póstnúmerum

Breytingar hafa verið gerðar á póstnúmerakerfi Póstsins. Bætt hefur verið við dreifbýlis-númerum í Mosfellsbæ. Íbúar í dreifbýlinu sem voru áður í póstnúmeri 270 Mosfellsbæ fá sitt eigið póstnúmer, 271 Mosfellsbæ. Svæðið sem tilheyrir Kjósarhreppi fær póstnúmerið 276 Mosfellsbæ. Breytingar þessar hafa verið tilkynntar til þjóðskrár og eiga íbúar ekki að verða varir við neinar breytingar varðandi póstdreifingu. Nánari upplýsingar á www.postur.is



Mosfellingar keppa undir merkjum Aspar

Nýársmót fatlaðra barna

Sunnudaginn 10. janúar fór fram Nýársundmót fatlaðra barna og unglinga í Laugardalslaug. Þar tóku þátt í fyrsta sinn hópur fatlaðra barna úr Mosfellsbæ sem æfa sund í Lágafellslaug á vegum Íþróttafélagsins Aspar. Það var einstaklega gaman að sjá þetta unga fólk takast á við þetta verkefni að keppa á svo stóru móti.



Leikskólinn Reykjakot stefnir að stofnun vinafélags

Hlýhugur frá nágrönnum

Á dögnum fékk leikskólinn Reykjakot jólakort frá nágrönnum sínum í Krókabyggð 1, 1a, 3, 3a og 5. Ástæðan fyrir kortinu er sú að þeir vilja samgledjast leikskólanum vegna breytinga á lóðinni og þykir gaman að hafa glaða krakka í hverfinu. Þetta var dásamlegt kort sem ylj-aði starfsfólki leikskólans um hjarta-ræturnar. Nágrannarnir óskuðu eftir því að fá að koma í heimsókn í leikskólann og færa honum bóka-

gjöf. Fulltrúar nágrannanna komu í heimsókn í leikskólann, Jóhanna, Jón og Maggý

Sú hugmynd kom fram að stofna vinafélag Reykjakots þar sem nágrannar, fyrrverandi nemendur og aðrir velunnarar geta verið með. Ræddar voru hugmyndir um að halda vinahátíð á Reykjakoti í vor eða sumar auk annarra verkefna sem hverfið og leikskólinn gætu unn-ið að í sameiningu.

ÁLAFOSSKÓRINN

Getum bætt við okkur söngfólki í allar raddir, Kórinn er blandaður kór og er 30 ára á þessu ári.

Góður og jákvæður hópur.

Upplýsingar í síma 8689790

Helgi söngstjóri og 8621600 Hjördís formaður.

Hafsteinn sækist eftir 2.-3. sæti

Hafsteinn Pálsson bæjarfulltrúi hefur ákveðið að gefa kost á sér til áfram-haldandi setu í bæjarstjórn í prófkjöri sjálfstæðismanna sem fram fer 6. febrúar. Hafsteinn hefur verið bæjarfulltrúi í sex ár og er nú formaður fræðslunefndar. Hann er þekktur fyrir störf innan Áftureldingar og ÍSÍ þar sem hann hefur verið í stjórn frá 1992. Hann er með doktorspróf í verkfræði og kvæntur Láru Torfa-dóttur kennara. Eiga þau þrjú börn, Guðrúnu Ernu, Jóhönnu Rut og Snævar Inga.



Júlía gefur kost á sér í 5.-7. sæti

Júlía Margrét Jónsdóttir hefur ákveðið að taka áskorun og bjóða sig fram í prófkjöri Sjálfstæðis-flokksins sem fram fer 6. fe-brúar. Júlía Margrét situr í stjórn Sjálfstæðisfélagsins í Mosfells-bæ. Hún er virkur félagsmaður í FKA, félagi kvenna í atvinnu-rekstri. Hún starfar sem fram-kvæmda- og framleiðslustjóri hjá Súgól/Máná ehf. ásamt því að starfa með manni sínum í fyrirtæki þeirra SteinTeppi.is. Júlía hefur einlægan áhuga á atvinnumálum og uppbyggingu atvinnutækifæra eins og sam-félagsmálefnum og þeim málefnum sem varða börnin okkar, og framtíð bæjarfélagsins.



Falleg skreytingar í Aðaltúni 10 og 12

Orkuveita Reykjavíkur veitti á dögnum viðurkenningar fyrir jólaþjófaskreytingar á veitu-svæði fyrirtækisins. Í Mosfells-bæ voru það íbúar í Aðaltúni 10 og 12 sem fengu viðurkenningu í ár. Í umsögn dómnefndar segir að parhúsið sé fallega skreytt og myndi samstæða heild.

HEIMILISMATUR Í HÁDEGINU

1290,-

Prófkjör Samfylkingarinnar

í Mosfellsbæ
vegna bæjarstjórnarkosninga vorið 2010

Prófkjörið fer fram laugardaginn 30. janúar 2010 í húsnæði Samfylkingarinnar Þverholti 3, Mosfellsbæ, frá kl. 10:00 til 16:00.

Rétt til að greiða atkvæði í prófkjörinu hafa allir félagsmenn í Samfylkingunni í Mosfellsbæ sem náð hafa 16 ára aldri á prófkjörsdag og hafa verið skráðir í Samfylkinguna fyrir lokun kjörskrár á miðnætti laugardaginn 16. janúar 2010.

Nánari upplýsingar á www.xs.is/mos og hjá formanni kjörstjórnar, Ólafi Inga Óskarssyni, í síma 660 8304.

Minnum á morgunverðarfund Samfylkingarinnar laugard. 16. janúar í Þverholti 3, frá kl. 11:00 til 13:00. Frambjóðendur verða á staðnum. **Allir velkomnir!**

Kjörstjórn Samfylkingarinnar
í Mosfellsbæ

Félagsfundur

**Félagsfundur Framsóknarfélags
Mosfellsbæjar verður haldinn
18. janúar 2010 klukkan 20:00 í sal
félagsins að Háholti 14.**

Fundarefni:

- Sveitastjórnarkosningar 2010.
- Ákvörðun um val á framboðslista.
- Kosningabaráttan í vor.

**Áhugasamir frambjóðendur hafi
samband við Óðinn Pétur Vigfússon
í síma 868-1313**

Stjórn Framsóknarfélags Mosfellsbæjar




FRAMSÓKNARFLOKKURINN



HROGNA- OG RAUÐMAGA- TÍMABILID ER HAFID

HÁKARL Í MIKLU ÚRVALI



Fiskbúðin Mos

Háholti 13-15

(milli Krónunnar og Mosfellsbakarís) Sími: 578-6699

Opnunartími:
Mánudaga: 10-19
Þri-fös: 11:30-19

Verslum í
heimabyggð



OPIÐ TIL KL. 19 ALLA VIRKA DAGA



Allskonar kynjaverur frá Leikfélagi Mosfellssveitar mættu á brennuna og kvöddu jólin.

Myndasýrpa frá þrettándabrennunni í Mosó

Gríðarlegur fjöldi samankomin á brennu



Kalli og Halli stóðu vörð við brennuna.



Álfadrottning í hópi Karla-kórs Kjalnesinga.



Flugeldasýningin var flott eins og alltaf á þrettándanum hjá björgunarsveitinni Kyndli.





Björgunarsveitin Kyndill þakkar góðar stuðning

Flugeldasala gekk vel

Björgunarsveitarmenn eru afar sáttir við þann stuðning sem þeir fundu fyrir hjá bæjarbúum í kringum áramótin. Flugeldasalan gekk vonum fram-
ar enda Mosfellingar alltaf staðið vel að baki sveitarinnar. Kyndill sá um flugeldasýningu í Ullarnesbrekkum á gamlárskvöld með stuðningi Álafoss-
búðarinnar, Ístex, Storms og Mosfellsbæjar. Útlit var fyrir að fresta þurfti sýningunni vegna skorts á styrktaraðilum en allt bjargaðist þó að lokum.

Á þrettándabrennunni var einnig heljarmikil skothríð sem Mosfellsbær kostaði að vanda. Flugeldasýningin var hreint út sagt frábær og höfðu margir það á orði. Öll umgjörð í kringum þrettándabrennuna var til mikill-
ar fyrirmyndar.



Hverjir eru bestir? Brak og brestir

Lúðrasveit Dalbúa, Brak og brestir, tróð upp á árlegri áramótagleði í Mosfellsdal. Hljómsveitin stóð að vanda unír væntingum og spilaði hin ýmsu ættjarðarlög.



BÍLAR VIKUNNAR

www.isband.is
www.100bilar.is

**JEEP GRAND CHEROKEE
LAREDO V8**, 305 hõ new,
nýr bíll, sjálfskiptur, krókur,
rafmagn í rúðum og
speglum, fleiri litir og týpur
í boði, verð frá aðeins
5350 þús. kr.

ÍSABAND
BILAINNFLUTNINGUR

ÍSLENSK-BANDARÍSKA | ÞVERHOLTÍ 6 | SÍMI 534 4433 | ISBAND@ISBAND.IS

VW Touareg R5

Disel, árg. 2008, ek. 38
þús. km, leður, krókur,
nýleg heilsársdekk,
Gullfallegur umboðsbíll í
ábyrgð og vel búinn! Ásett
verð aðeins 6900 þús. kr!

100bilar

100 BÍLAR | ÞVERHOLTÍ 6 | SÍMI 517 9999 | 100BILAR@100BILAR.IS



Kartöflubollur með rækjum og púrru

Þessi uppskrift er frá Alessöndru á veitingastaðnum
Ca' Vittoria í Astihéraði á Ítalíu. Bollurnar eru frábær
partýmatur eða forréttur.

700 g kartöflur
handfylli soðnar rækjur, skornar í litla bita
1 púrrulaukur, saxaður
1 tsk söxuð steinselja
salt og pipar
olía til steikingar
1 egg og ferskt brauðrasp til að velta upp úr

sósan:
2 msk Saclà kóríander pestó
1 litil dós hreint skyr

Sjóðið kartöflurnar, kælið og stappið. Mýkið púrruna
í smá ólífuolíu og blandið saman við kartöflustöppuna
ásamt rækjunum og steinseljunni. Smakkið til með
salti og pipar og kælið. Mótið litlar bollur úr
kartöfludeiginu og veltið þeim fyrst uppúr þeyttu
egginu og því næst fersku brauðraspi. Steikið
bollurnar í vænu magni af sjóðheftri olíu þar til
fallega gylltar og stökkar. Berið fram með
tannstönglum ásamt kóríanderpestó-skyrsósunni
eða einar og sér.





Senda mikið magn fata til Rússlands

Sjálfboðaliðar í verkefninu Föt sem framlag hjá Kjósarsýsludeild Rauða krossins unnu hörðum höndum fyrir jólin við að útbúa ungbarnapakka fyrir hjálparstarf erlendis. Hópurinn hefur verið starfræktur síðan í vor og hefur þrjónað, saumað og heklað fót fyrir 0-12 mánaða börn. Fötin hafa verið útbúin af mikilli útsjónarsemi þar sem garn og efni sem deildinni hefur áskotnast er endurnýtt. Fimmtu þakkar voru sendir til Rússlands í byrjun desember sem allir voru troðfullir af hlýjum og góðum fatnaði sem útbúinn var af mikilli umhyggju og gleði.



Nemendur kynnst ólíkri menningu

Sjálfboðaliðar í nýstofnuðum Menningarklúbbi AFS-skipti-nemasamtakanna heimsóttu á dögunum nemendur í 5. og 6. bekk Lágafellsskóla. Markmiðið er að kynna framandi lönd og mismunandi menningu. Efla skilning þeirra á margbreytilegum viðhorfum ólíkra menningarheima og auka um leið vísýni þeirra og umburðarlyndi. Fjórir sjálfboðaliðar sem eru tiltölulega nýkomnir heim frá dvöl sinni erlendis höfðu frá ýmsu forvitnilegu að segja. Börnin sýndu mikinn áhuga á því sem sjálfboðaliðarnir kynntu fyrir þeim. Allt kynningarefnið byggist á fræðslu og leikjum, sem m.a. er ætlað að efla með krökkunum hópefli og samvinnu. Það er óhætt að segja að starf sjálfboðaliða sé stór þáttur í starfsemi AFS á Íslandi en um 300 slíkir leggja starfsemiinni lið um land allt. Þrjár deildir eru starfandi á landinu, í Reykjavík, á Eyjafjarðarsvæðinu og á Vesturlandi.

Tímamót í björgunar- og slysavörnum á Kjalarnesi

60 ára afmæli Kjarlar

Björgunarsveitin Kjölur á Kjalarnesi hélt upp á 60 ára afmæli sitt með opnu húsi í Þórnyjarbúð þann 29. desember s.l. Boðið var upp á kaffi og meðlæti og voru meðal annars hús, tæki, gamlir og nýir gallar til sýnis. Þetta var hin ánægjulegasta stund og um 150 manns komu í heimsókn. Meðal gesta voru forsvarsmenn Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúar margra björgunarsveita og Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins, Lögreglu, slysavarnadeildar kvenna í Reykjavík og eldri félagar.

Björgunarsveitin fékk góðar gjafir og margar frómar óskir og meðal annars afhenti Friður Birna Stefánsdóttir formaður slysavarnadeildar kvenna í Reykjavík sveit-



inni styrk að upphæð kr 500.000 til viðgerða á Ford Econoline.

Tækifærið var einnig nýtt til að festa á blað athugasemdir gesta og eldri félaga við afmælisrit Kjarlar sem út kemur á næstunni, en fyrstu drög þess lágu frammi í tilefni dagsins. Þakkar Kjölur Kjalnesingum og öllum gestum kærlega fyrir komuna og góðan stuðning við sveitina.



Friður Birna Stefánsdóttir formaður Slysavarnadeildar kvenna í Reykjavík og Birgir Þór Guðbrandsson formaður Kjarlar.

Fjölbreytt starf ungmenna í Kjósarsýsludeild Rauða krossins

Fengu góða heimsókn frá Hong Kong

Ungmennastarf Kjósarsýsludeildar fékk góða heimsókn á fyrsta fundi ársins. Susan Yuen, 19 ára sjálfboðaliði Rauða krossins frá Hong Kong kom og sagði frá ungmennastarfinu þar. Umgjörð starfsins í Hong Kong er talsvert ólík því sem þekktist hér á landi og margt sem kom krökkunum á óvart.

Ungmennafundir eru haldnir tvisvar í viku, á föstudagskvöldum og sunnudagsmorgnum, og eru allir klæddir í sérstaka búninga á þeim fundum. Búningarnir eru mismunandi eftir aldri sjálfboðaliða og hvaða stöðu þeir gegna. Eins er hægt að safna á þá merkjum fyrir skyndihjálpargráður og fleira. Krakkarnir furðuðu sig á því af hverju Rauði kross Íslands væri ekki með samskonar búninga, en voru hins vegar ekki tilbúnir að innleiða marseringu í starfið!



Tveir ungmennahópar eru starfræktir hjá Kjósarsýsludeild sem vinna að fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum í tengslum við starfsemi og hugsjónir Rauða krossins. Mórall er fyrir 13-16 ára krakka

sem hittist vikulega í Þverholti 7 á fimmtudögum kl. 18-19:30. X-hópurinn er fyrir 16 ára og eldri og hittist hann síðasta fimmtudag í mánuði kl. 20. Allir áhugasamir eru hjartanlega velkomnir.



Kvennakórinn Heklnar auglýsir eftir áhugasömum kórfélögum

Heklnar eru jákvæður og skemmtilegur 25-30 kvenna kór, sem var stofnaður í Mosfellsbæ árið 2003. Stjórnandi er Björk Jónsdóttir söngkona. Æfingar eru í sal Varmárskóla á þriðjudögum klukkan 19:30-22:00. Viðfangsefni kórsins hafa verið af ýmsum toga, en í vetur eru æfð íslensk og erlend þjóðlög, söngvar frá stríðsárunum og margt fleira. Stefnt er að tónleikum í maí og verða æfingabúðir um eina helgi í febrúar.

Hafir þú hug á að ganga til liðs við Heklnar og syngja í kvennakór, skaltu hringja í Guðrúnu Leósdóttur formann kórsins, í síma 660 7034 eða senda póst á heklnar@gmail.com



HEIMILISMATUR Í HÁDEGINU

1290,-



Líf og fjör í Félagsmiðstöðinni Flógyn á Kjalarnesi Góðgerðarvika til styrktar fjölskylduhjálpar

Unglingarnir sem sitja í stjórn nemendafélagsins í félagmiðstöðinni Flógyn á Kjalarnesi héldu ásamt starfsmönnum markað en hugmyndin var að fólk gæti komið með dót að heiman til að selja. Kostaði 1.000 kr að fá borð til að hafa dótið á og rann ágóði af leigunni til fjölskylduhjálpar.

Það var ágæt þátttaka og komu flottar konur með ýmislegt á markaðinn s.s. prjónavörur, skartgrip, heimatilbúna sultu og föndur. Einnig var haldið bingo þar sem rúmlega 100 manns tóku þátt í. Vinningarnir voru m.a. frá Vallá, Brautarholti, Esjugrund, Húsasmiðjunni, Evu nuddara, Ragnheiði matráð, Aristo, Brúsk, Snælandsvideo og Skógræktarfélaginu.

Góðgerðarvikan endaði með góðu Góðgerðarballi sem haldið var í Nágyn í Borgarskóla og þar spiluðu Á móti sól.




Í nóvember hafa unglingar Klébergs-skóla staðið í ströngu og tóku þeir þátt í mörgum viðburðum á vegum ÍTR og Samfés. Fyrst má nefna Skrekk undir stjórn Kolbrúnar Birnu. Rímnaflæði sem haldið var í Miðbergi en þeir Benedikt og Anton kepptu fyrir hönd Flógynjar og síðast en ekki síst var það Stíll sem haldinn var í Smáralindinni í Kópavogi. Þar voru rúmlega 60 lið sem kepptu frá öllum landshlutum um hönnun, hár og föndur. Þemað í ár var „endurvinnsla“. Þær Margrét, Rósa, Íris og Jóna kepptu fyrir hönd Flógynjar og unnu þær flottasta hárið. Frábær frammistaða hjá krökkunum og eiga þau mikið hrós skilið fyrir jákvæðni.



Endurskinsvesti afhent á Hlaðhömrum

Á dögunum fengu krakkarnir á leikskólanum Hlaðhömrum góða gjöf frá Vátryggingafélaginu VÍS, í Mosfellsbæ. Um er að ræða endurskinsvesti sem krakkarnir geta notað í svartasta skammdeginu. Það var Þórdís Sigurðardóttir þjónustustjóri VÍS sem kom færandi hendi á leikskólann en allir leikskólar bæjarins fá slíka gjöf frá VÍS.



Gleðilegt ár kærar Mosfellingar!

Þökkum góðar stundir og frábærar móttökur á liðnu ári.

Heilsutengdir fyrirlestrar hefjast aftur í febrúar.

Ebba Guðný Guðmundsdóttir verður hjá okkur 2. febrúar kl. 17-18.30 og ræðir um heilbriggt mataræði og bættu líðan fyrir börn á öllum aldri. Skráning sendist til kolla@hraunhus.is, verð 2.000 kr. Nánari upplýsingar eru á hraunhus.is

OPNUNARTÍMI.

Þriðjudag, miðvikudag og föstudag 11-18

Fimmtudag 11-22

Laugardag 11-17

Fyrsta sunnudag í mánuði 13-17

Lokað á mánudögum

Stefanía Svavarsdóttir söngkona og nemi er rísandi stjarna í tónlistarheiminum, hún er meðlimur Bob Gillan og Ztrandvarðanna auk þess sem hún syngur með einni vinsælustu hljómsveit landsins, Stuðmönnum.

Aetlar sér stóra hluti í framtíðinni

Stefanía Svavarsdóttir er ung og efnileg söngkona og vekur athygli hvar sem hún kemur fram. Hún hefur sungið frá því hún man eftir sér og aðeins fjórtán ára gömul var hún orðin meðlimur í hljómsveit. Þolinmæði og þrautseigja er lykillinn að velgengni hennar og hún stefnir hátt á íslenskum tónlistarmarkaði.

„Mér hefur alltaf þótt gaman að syngja og ég var tíu ára þegar ég fór á mitt fyrsta söngnámskeið,” segir Stefania aðspurð um það hvenær hún hafi byrjað að syngja. „Ég byrjaði á því að fara í Söngskóla Maríu Bjarkar og þar yfirsteig ég hræðslu og feimni við að koma fram. Eftir það fór ég í söng- og leiklistarskólann Sönglist sem er starfræktur í samvinnu við Borgarleikhúsið og þar var ég í tvö ár. Þar er markvisst unnið að því að virkja sköpunarkraft nemenda og efla sjálfstraust auk þess sem áhersla er lögð á rétta söngtækni, þetta var virkilega skemmtilegur tími.

Ég hef líka komið fram í fjölskylduveislum, Ragnheiður amma mín hefur verið dugleg að biðja mig um að taka lagið og ekki segir maður nei við ömmu sína,” segir Stefania hlæjandi.

Stór systkinahópur

Stefanía fæddist í Reykjavík 20. ágúst árið 1992. Foreldrar hennar eru þau Ragnheiður Valdimarsdóttir og Svavar Jóhannsson. Stjúpfaðir Stefáníu er Gunnar Skúli Guðjónsson og stjúpmóðir Sonja Magnúsdóttir. Systkini Stefáníu eru Ágústa, tvíbúrasystirir Steinunn, Melkorka, Valdimar og Sindri Arnar og von er á lítilli systur núna í janúar. Kærasti Stefáníu heitir Hjörleifur Þór Waagfjörð og er nemi. Fyrstu tvö æviár sín bjó hún í Grafarvogi en flutti þaðan til Akureyrar, en hefur frá fimm ára aldri búið í Mosfellsbæ. Hún sótti nám bæði í Varmárskóla og Lágafellsskóla.

Fjórtán ára í hljómsveit

„Ég hef alltaf kunnað vel við mig í Mosfellsbæ, hér ríkir sérstök bæjarstemming. Ég á enn nokkrar góð-



Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is

ar vinkonur frá því í barnaskóla en minn nánasti vinahópur í dag myndaðist eftir að ég byrjaði fjórtán ára gömul í mosfellsku hljómsveitinni Bob Gillan og Ztrandverðirnir. Við fórum að spila á hinum ýmsu mannfögnuðum og þá byrjaði boltinn að rúlla. Að koma fram opinberlega er eitt af því skemmtilegasta sem ég geri.”

Sigraði söngkeppni Samfés

Stefanía tók þátt í söngkeppni Samfés árið 2008 sem fór fram í Laugardalshöllinni fyrir hönd félagsmiðstöðvarinnar Bólsins. Hátíðina sóttu um fjögur þúsund unglingar frá níutíu og fimm félagsmiðstöðvum allsstaðar að á landinu. Það voru þrjátíu atriði í söngkeppninni frá jafnmörgum félagsmiðstöðvum og Stefania gerði sér lítið fyrir og vann keppnina með laginu Fever. Hún fékk tvo Mosfellinga í lið með sér þennan dag þá Atla Örn Friðmarsson sem spilaði á bassa og high-hat sem er ákveðinn

hvernig henni hafi liðið eftir að úrslitin voru kunngjörð, „ég er mjög þakklát öllu því fólki sem hjálpaði mér og hafði trú á mér.”

Syngur með Stuðmönnum

„Í kjölfar sigursins kom ég fram í Kastljósinu og stuttu seinna hafði Jakob Frímann Magnússon tónlistarmaður samband við mig. Hann bað mig um að koma og syngja með sér á uppákomu í Reykjavík sem ég og gerði. Um haustið hringir hann svo aftur í mig nánar tiltekið á fimmtudegi og sagðist vanta söngkonu á laugardegnum. Þá kom í ljós að þetta var Stuðmannaball á Egilsstöðum. Það varð úr að ég flaug með þeim félögum austur og söng með þeim í Valaskjálfi um kvöldið,” segir Stefania brosandi af minningunni.

Hápunktur ferilsins

„Um miðjan mars 2009 hafði Jakob samband við mig aftur og bað mig að syngja með þeim áfram sem ég hef gert. Við spiluðum á minningartónleikum Rúnars Júlíussonar og fyrir mér er það hápunkturinn á mínum söngferli hingað til.

Að fá að koma fram fyrir þrjú þúsund manns með svona stórum hljómsveit og vera að spila á sömu tónleikum og svona margar goðsagnir í íslensku tónlistarlífi er ólýsanlegt.

Síðastliðið sumar spiluðum við svo úti á landi. Þetta eru eftirminnilegar ferðir og virkilega gaman að sitja með þessum mönnum í rútu og spjalla, maður stútfyllist af alls konar fróðleik.”

Hafnaði stóru tilboði


„Ég er núna í Menntaskólanum við Hamrahlíð og stefni á að klára hann á þremur og hálfu ári. Svo er ég á fullu í tónlistinni og ég reyni eftir bestu getu að tvinna saman sönginn og skólann og hafna því sem ég sé fram á að geta ekki tekið að mér.

Ég reyni alltaf að passa mig á því að taka ákvörðun út frá mínu eigin hjarta. Í sumar hafnaði ég stóru tilboði en fór í staðinn í útilegu með mínum bestu vinum. Á meðan ég geri það sem mér finnst skemmtilegast að gera þá er allt annað eins og velgengni og peningar bara plús. Þegar ég fór að syngja fyrst með hljómsveit þá hvarflaði aldrei að mér að mér myndi ganga svona vel á stuttum tíma, það einhvern veginn bara gerðist. Hvað varðar framtíðina þá veit maður ekki hvað hún ber í skauti sér en ég ætla mér vissulega stóra hluti í framtíðinni,” segir þessi brosmilda og lífsglaða stúlka að lokum.

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni.



Ragnheiður, Steinunn, Stefania og Gunnar.



hluti af trommusetti og Oddvar Örn Hjartarson sem valdi með henni kjólinn, greiddi henni og farðaði.

„Þetta var ólýsanlega góð tilfinning,” segir Stefania aðspurð um það

Þarft þú að fjölga máltíðum
eða vantar þig hollt og gott nesti?



- ✓ Næringarinnihald á við holla máltíð
- ✓ Trefjaríkt með soyjapróteini sem viðheldur jafnri orku og veitir sæðsemistilfinningu lengur
- ✓ Aðeins 207 he
- ✓ Hæfir grænmetisætum
- ✓ Með lágan sykurstuðul (GI)
- ✓ Frábært til að fjölga máltíðum yfir daginn
- ✓ 7 í kassa aðeins 2.275 kr.

Vá! Heil máltíð
á aðeins 325

Vikuleg vigtun og mæling, fræðsla og aðhald.

www.framtid.heilsuskysla.is

Rakel • 869-7090

kolbrunrakel@gmail.com • www.wealth.youropp.com
Kolbrún Rakel Helgadóttir • Sjálfstæður dreifingaraðili Herbalife



4. RÚNAR BRAGI GUÐLAUGSSON SÆTI

RÚNAR
Í FJÖRÐA

Ég gef kost á mér
í 4. sætið í prófkjöri
Sjálfstæðisflokksins
laugardaginn 6. febrúar.

Nánar um framboð mitt
www.runarbragi.blog.is



VELKOMIN Í LÖÐUR HÁHOLTI

Það allra besta í bílapvotti í heiminum í dag.

Á þvottastöðinni eru snertilaus þvottastöð, 4
þvottastæði fyrir sjálfsafgreiðslu, kraftmiklar ryksugur,
teppahreinsivél, ilmgjafavél og seðlaskiptir.

Opið allan sólarhringinn allt árið!




miðstöð bílaunnenda
sími 544 4540 | www.lodur.is



Bjarki Bjarnason með nýtt ritverk

Bjarki Bjarnason rithöfundur á Hvirfli er aðalhöfundur bókarinnar Ísland í aldanna rás 1700-1799 sem kom út fyrir skemmstu.



Bindið fjallar um 18. öldina og er það nýjasta í ritröðinni Ísland í aldanna rás. 18. öldin hefur oft verið skilgreind sú harðasta í íslensku sögu. Hungursneyð og slæmt árferði, bólusótt, eldgos og móðuharðindin herjuðu á landsins lýð. Gerð er grein fyrir öllu þessu ásamt mörgu fleiru í bókinni sem er tæplega 600 blaðsíður á stærð og ríkulega myndskreytt.

Opið hús um mataræði og geðheilsu

Viðfangsefni næsta opna húss Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar er mataræði og geðheilsa. Vigdís Steinþórsdóttir hjúkrunarfræðingur heldur erindi og fjallar um mataræði og hvernig það getur haft áhrif á geðheilsu okkar og hversu mikilvægur meltingarvegurinn er heilsu okkar. Tilvitnanir í breskan lækni Dr. Natasha Campbell-McBride sem skrifaði bókina Meltingarvegurinn og geðheil-san. Opna húsið verður haldið miðvikudaginn 27. janúar kl. 20.30 í Bókasafninu og er aðgangur ókeypis.



Framhaldsskóla-kynning í Borgó

Framhaldsskólakynning verður fimmtudaginn 4. febrúar í Borgarholtsskóla kl. 17:30-19:00. Þar mun foreldrum/forráðamönnum og nemendum í 9. og 10. bekk gefast tækifæri til að hitta fulltrúa fjölmargra framhaldsskóla og fá upplýsingar um inntökuskilyrði, námsbrautir, kennslufyrirkomulag, félagslíf og aðbúnað skólanna. Það eru náms- og starfsráðgjafar í Grafarvogi, Mosfellsbæ og á Kjalarnesi sem standa fyrir kynningunni.



Karlaðórin Stefnir á afmæli í dag, 15. janúar

Söngur í sjötíu ár

Afmæliskveðja frá formanni kórsins

Hinn 15. janúar árið 1940 komu nokkrir menn saman í Brúarlandi og stofnuðu söngfélag. Vafalítið voru þeir aðeins að leita leiða til að fá útrás fyrir þá undarlegu söngþörf sem svo margir eru haldnir, og þá hefur trúlega ekki óráð fyrir því að þessi kvöldstund myndi halda nafni þeirra á lofti í áratugi. Því síður að söngfélagið þeirra yrði að leiðandi afli í sönglífi bæjarfélagsins. Í dag, sjötíu árum síðar, er Karlaðórin Stefnir sprækari en nokkru sinni, og er í fremstu röð kóra í Mosfellsbæ, sem þó státar af fleiri kórum en aðrir byggðarkjarnar á Íslandi.

Vel á fjórða hundrað söngmenn tekið þátt

Það eru ekki mörg tólmstundarfélög sem ná að starfa nær óslitið í sjö áratugi, en það hefur verið gæfa Stefnis að hafa haft aðgang að áhugasömum söngmönnum, sem hafa átt skilningsríkar eiginkonur. Þeir eru vel á fjórða hundraðið, söngmennirnir, sem hafa starfað með Stefni á þessum 70 árum, og þeirra framlag hefur verið kórnum ómetanlegt.

Og ekki má gleyma þeim hámenntuðu mönnum og konum sem hafa verið stjórnendur, raddþjálfar, undirleikarar og einsöngvarar Stefnis. Undirritaður hefur sungið í Stefni í rúm 20 ár, og það er stöðug uppspretta gleði og aðdáunar að fylgjast með þessum snillingum að störfum.

Afmælistónleikar í Guðríðarkirkju

Karlaðórin Stefnir gerir sér vel grein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir því að vera í fararbroddi í tónlistarlífi Mosfellsbæjar. Við leggjum okkur stöðugt fram, og stefnum sífellt herra. Árið 2010, afmælisárið, verður nýr hápunktur í sögu Stefnis.

Í mars heldur Stefnir afmælistónleika í Guðríðarkirkju, sem hefur haslað sér völl sem eitt besta tónleikahús landsins. Til liðs við okkur í þessum frábæra sal höfum við fengið óperusöngvarann Kristin Sigmundsson, sem ekki þarf að kynna frekar. Það verður stórkostlegt að heyra þessa völdugu rödd fylla 370 manna sal kirkjunnar, og vonandi mun þéttur veggur Stefnismanna á bak við Kristin ekki draga úr áhrifunum.

Í dag, á sjálfan afmælisdaginn, hefjum við forsölu aðgöngumiða. Þeir fást hjá m.i.s, formanni og flestum kórmönnum. Verð í forsölu er þrjú þúsund krónur.

Ég óska Stefnismönnum til hamingju með áfangann, og Mosfell-ingum öllum til hamingju með blómlegt tónlistarlíf, og ekki síst karlaðórin Stefnir.

Hörður Björgvinsson
formaður Stefnis



Tvær sýningar eftir af Mjallhvíti

Það er mikið um að vera hjá Leikfélagi Mosfellsveitar um þessar mundir. Leikfélagið tók að venju þátt í þrettándaglegði Mosfellinga og lék við hvern sinn fingur.

Nú eru aðeins tvær sýningar eftir á leikritinu Mjallhvít og dvergarnir sjö, sunnudaginn 17. og 24. janúar kl. 14. Leikritið er fullt af gleði og söng og hefur verið sýnt fyrir fullu húsi síðan í nóvember. Alls taka yfir tuttugu leikarar og tónlistarmenn þátt í sýningunni og leikstjóri er Herdís Þorgeirsdóttir. Hægt er að panta miða í síma 566 7788. Í lok janúar hefst tíu vikna Leikgleði-námskeið fyrir krakka á aldrinum 9-12 ára, en námskeiðin hafa verið geysivinsæl undanfarnar ár. Kennnt verður á fimmtudögum frá kl. 16-17:30. Á námskeiðinu þjálfast nemendur í framkomu, sjálfsöryggi, tjáningu og sköpunargleði. Í lokin verður settur upp söngleikur. Kennarar verða Sigrún Harðardóttir og Halldór Sveinsson. Nánari upplýsingar á www.leikgledi.tk.



Sönggleði í Listaskólanum

Söngnámskeið eru að hefjast í Listaskóla Mosfellsbæjar. Um er að ræða 5 vikna námskeið fyrir nemendur í 3.-10. bekk.

Farið verður yfir öll grunnatriði og tekið upp lag í lok námskeiðsins. Kennsla hefst 4. febrúar og eru kennarar Heiða Árnadóttir og Sigurjón Alexanderson. Nánar á myspace.com/songgledi.



HEIMILISMATUR Í HÁDEGINU

1290,-

Vilt þú.....

- efla fyrstu hæfileika þína?
- öðlast meira sjálfstraust?



....leyfðu okkur að aðstoða

Kynningarfundur

20. janúar kl. 20:00

í Safnaðarheimili Lágafellssóknar

Þverholti 3, 3ju hæð

Í kjölfarið á fundinum verður 6 kvöldra ræðunámskeið þar sem öllum er boðin þátttaka þeim að kostnaðarlausu. Skráning á fundinum.

ALLIR VELKOMNIR

POWER talk

www.powertalk.is

.....ekki bara eitt námskeið heldur stöðug þjálfun INTERNATIONAL

ÓKEYPIS NÁMSKEIÐ

Slys og veikindi barna

25. og 26. janúar, kl. 18:-21:30

Gagnlegt námskeið fyrir foreldra, dagmæður, starfsfólk leikskóla og skóla og íþróttþjálfurum – 16 ára og eldri. Viðfangsefni eru m.a. slys og forvarnir, skyndihjálpar (áverkar, veikindi, ofnæmi, öndurnaröruðgleikar), endurlífingun og sálrænn stuðningur við börn. Námskeiðið fer fram í Þverholti 7.

Námskeið fyrir nýja heimsóknnavini

26. janúar, kl. 18:00 - 20:30.

Heimsóknnavinur er sjálfbóðaliði sem heimsækir gestgjafa sinn á heimili þeirra eða stofnanir. Hlutverk þeirra er fyrst og fremst að veita félagsskap, nærveru og hlýju. Markmið þjónustunnar er að rjúfa einangrun og sýna vináttu.

Námskeiðið fer fram í Efstaleiti 9.

Námskeiðin eru þátttakendum að kostnaðarlausu.

Skráning fer fram á raudikrossinn.is/kjos.

Nánari upplýsingar í síma 898- 6065 og í netfangi kjos@redcross.is.



Rauði kross Íslands
Kjósarsýsludeild



OPIÐ HÚS

LAUGARDAGINN 16. JANÚAR

Stærri salur - ný tæki

– ketilbjöllur – Fit Pilates



Sérfræðingar frá FitnessSport verða með ráðgjöf um bætiefni.

Árskort aðeins 45.000 kr.



MOSFELLSBÆR

Opnunartími Varmárlaugar

Virka daga: kl. 6:15 – 21

Helgar: kl. 9 – 18

Endurnýjaðar hafa verið flísar í búningsklefum sundlaugar og gufubað. Gerðar hafa verið endurbætur á afgreiðslu Íþróttamiðstöðvarinnar og verður aukin þjónusta þar með t.d. boostbar og fjölbreyttari veitingum.

Lýðræði – lífsgæði – sjálfbær þróun

Í ágúst í sumar gaf Mosfellsbær út bækling sem inniheldur stefnumótun bæjarins um sjálfbæra þróun. Framtíðarsýn og leiðarljós sem bæjaryfirvöld hafa ákveðið að stefnt skuli að hljóðar svo: „Mosfellsbær vill vera í fremstu röð sveitarfélaga hvað varðar sjálfbæra þróun og mun því leitast við að vera framsækið, umhverfisvænt og nútímalegt bæjarfélag sem býður upp á fjölbreytileika.“



lögum íbúa um lýðræði, lífsgæði og sjálfbæra þróun í bænum. Þessi hugtök eru víðtæk en kristallast í ofanefndum punktum. Hvaða fyrirkomulag sjá bæjarbúar á tilhögun upp lýsingastreymis? Hvernig verður aðgengi almennings að ákvarðanatöku bæjarfélagsins elft? Hvernig verður umhverfivitund bæjarbúa aukin? Þessum og mörgum öðrum spurningum þarf að svara þegar bæjarfélagið ætlar sér að ná markmiðum um sjálfbæra þróun.

Áhugasömum bæjarbúum gefst á fundinum tækifæri til að koma á framfæri uppbyggilegum hugmyndum sínum um hvernig bæjarfélagið ætti að þróast á komandi árum. Öllum tillögum verður haldið til haga og unnið með þær áfram.

Ég vonast til að sjá marga liðsmenn á fundinum þann 9. febrúar til þess að leggja þessari mikilvægu vinnu bæjarfélagsins okkar lið.

Jóhanna B. Magnúsdóttir,
formaður verkefnisstjórnar Sd 21

Áherslur Mosfellsbæjar í stefnu um sjálfbært samfélag eru:

- að vera í fararbroddi meðal íslenskra sveitarfélaga í sjálfbærri þróun
- að auka aðgengi almennings að ákvarðanatöku í bæjarfélaginu til að efla lýðræði
- að auka gegnsæi stjórnsýslunnar og upplýsingastreymi til bæjarbúa
- að stuðla að fjölbreyttu mannlífi í sátt við náttúruna
- að stuðla að aukinni umhverfivitund bæjarbúa og styðja við hana

Í anda þessa mun Mosfellsbær halda fund 9. febrúar þar sem kall- að verður eftir hugmyndum og til-

Heiðarleiki og gegnsæi

Undanfarin misseri hafa verið tímar sviptinga og áfalla á Íslandi. Sveitarfélög hafa þurft að hefja niðurskurðarhnífa á loft til að mæta lækkanði tekjum og auknum útgjöldum og hagræða í rekstri þeirra. Það mun móta stöðu sveitarfélaga í nánustu framtíð hversu vel tekst til með hagræðingu þeirra nú.

Mosfellsbær stendur betur að vígi en flest sveitarfélög á landinu og getur það skilað sér í samkeppnisforskoti sveitarfélagsins á næstu árum og jafnvel áratugum, ef vel tekst til við uppbyggingu þess á komandi árum.

Mikilvægt er að byggja upp samfélag, sem byggist á frelsi, jafnrétti og bræðralagi, kjörorðum jafnaðarmanna. Byggja þarf upp gegnsæja stjórnsýslu, sem hefur heiðarleika að leiðarljósi og hlúir að hagsmunum bæjarbúa. Byggja þarf upp til framtíðar, en láta stundarhagsmuni



ekki ráða för. Mikil tækifæri munu skapast í því uppbyggingarferli, sem nú mun hefjast í kjölfar efnahagshrunsins og þess stöðugleika sem verið er að skapa í þjóðarþúinu.

Ég tel mig vera þess umkominn að geta lagt lóð á vogarskálur fyrirstandandi uppbyggingar sveitarfélagsins, sem byggir á framangreindum gildum jafnaðarmanna og hef því ákveðið að gefa kost á mér í prófkjöri Samfylkingarinnar, sem fram fer í lok janúar.

Undirritaður er fæddur árið 1964 og hefur undanfarið starfað sem verkefnastjóri hjá Mosfellsbæ, stundar meistaranám í stjórnun og stefnumótun við Háskóla Íslands og er kvæntur og með þrjá syni á grunnskólaaldri.

Jónas Rafnar Ingason, viðskiptafræðingur býður sig fram í 3.-6. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ 30. jan.

Best er að búa í Mosfellsbæ

Í Mosfellsbæ er gott að búa enda eitt fárra sveitarfélaga sem ekki hefur eytt um efni fram og sem vinnur að því að stuðla að atvinnusköpun í bæjarfélaginu. Slíkt bæjarfélag er í góðri stöðu til þess að skapa sterka framtíðarsýn og leggja grunninn að framtíðinni. Við megum ekki láta deigan síga, við þurfum að búa til störf og hlúa að börnum og unglingum með góðri menntun. Einnig þurfum við að skapa umhverfi þar sem börn og unglingar geta stundað íþróttir við hæfi. Mosfellsbær er eftirsótt bæjarfélag til búsetu og fyrst bæjarfélaga þegar minnst er á fjölskylduvænt umhverfi þar sem hægt er að lifa í nálægð við náttúruna.

Ég vil taka þátt í að byggja upp enn öflugra samfélag og sækist því eftir 2.-4. sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna í febrúar. Ég hef um nokkurra ára skeið, ásamt frábæru fólki, leitt uppbyggingu á fimleikadeild Aftureldingar í Mosfellsbæ. Deildin hefur, þrátt fyrir ungan aldur, byggt upp frábært fimleikafólk sem unnið hefur nokkra Íslandsmeistaratitla og fjölda verðlauna á mótum.

Með öflugu íþróttafélagi leggjum við grunninn að fjölskylduvænu samfélagi og stuðlum að vellíðan barna og unglinga ásamt því að ala upp sterka kynslóð Mosfellinga sem hefur heilsuna að leiðarljósi. Íþróttir auka sjálfsaga og þróa keppnissskap sem nýtast mun vel þegar út í lífið er komið. Ég vil áfram leggja mitt af mörkum og stuðla að kraftmikilli uppbyggingu á íþrótt- og lýðheilsustarfi. Það kemur dagur eftir þennan dag og við þurfum að nota krepputímann til þess að móta stefnu okkar í íþróttastöðu og auka gæði innra starfs okkar.



Í Mosfellsbæ búa um 8.500 manns í ört vaxandi bæjarfélagi. Mosfellsbær er orðið sjöunda fjölmennasta sveitarfélag landsins. Við hjónin kusum fyrir tæpum 12 árum að setjast hér að, ala upp dætur okkar tvær og taka þátt í að byggja hér upp betra samfélag. Ég hef kynnst ýmsum hliðum Mosfellsbæjar og tel að metnaður sé rétta orðið yfir stjórnskipan hér. Félagar mínir í pólitík eiga heiður skilið fyrir gott uppbyggingarstarf sitt. Mikill metnaður einkennir leikskóla- og skólustarf hér í bæ. Því hef ég kynnst þann stutta tíma sem ég hef setið í fræðslunefnd fyrir hönd sjálfstæðismanna. Það sem einkennir starfið er fjölbreytni og val, þó sumir hlutir séu samræmdir í leikskólum og skólum þá blómstrar einstaklingsfrelsið í mismunandi áherslum. Ég hef áhuga á því að kynnst þessum vettvangi enn betur og láta til mín taka í því þróunar- og uppbyggingarstarfi sem framundan er í fræðslumálum í Mosfellsbæ.

Tímarnir eru óvenjulegir en þrátt fyrir allt spennandi og þeir fela í sér ótal áskoranir sem við höfum ekki tekist á við áður. Með gildi Mosfellsbæjar að leiðarljósi, virðingu, jákvæðni, framsækni og umhyggju munum við stuðla að því að það verði ekki eingöngu gott að búa í Mosfellsbæ eins og í öðru vel þekktu bæjarfélagi heldur verði best að búa í Mosó. Ég vil taka þátt í að móta þá framtíðarsýn.

Eva Magnúsdóttir, er forstöðumaður sölu- og markaðsmála hjá Milu ehf. varapingmaður í Kraganum og formaður fimleikadeildar UMFA. Hún sækist eftir 2.-4. sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna.

Mjallhvít
og dvergarnir sjö

aðeins 2 sýningar eftir

17. JANÚAR & 24. JANÚAR

Leikfélag Mosfellsveitar 2009

SÝNT Í BÆJARLEIKHÚSINU
MOSFELLSBÆ NÆSTU TVO SUNNUÐAGA
MIÐAPANTANIR Í SÍMA 566 7788

MIÐAVERÐ AÐEINS KR. 1000,-



MOSFELLSBÆR

TILKYNNING

um skipulagsáætlanir og breytingar á skipulagsáætlunum í Mosfellsbæ, sem samþykktar voru og/eða tóku gildi 2009

Breytingar á aðalskipulagi skv. 21. gr. s/b-laga

AS-breyting: Suðvesturlínur og tengivirki við Sand-skeið.

Samþ. 9.09.2009. Málsmeðferð skv. 1. mgr. 21. gr. Engin athugasemd barst. Biður staðfestingar ráðherra.

AS-breyting: Íbúðarsvæði og reiðleið í Leirvogstungu.
Samþ. 9.04.2008. Málsmeðferð skv. 2. mgr. 21. gr. Tók gildi 26.5.2009.

Breytingar á deiliskipulagi skv. 26. gr. s/b-laga

Lundur, Mosfellsdal (norðan Þingvallavegar).

Samþ. 21.10.2009 með breytingum vegna athugasemda. Málsmeðferð skv. 1. mgr. 26. gr. Verður tekið fyrir að nýju vegna athugasemda Skipulagsstofnunar.

Grund við Varmá, breyting á deiliskipulagi.

Samþ. 23.09.2009 með fyrirv. um samkomulag við landeigendur. Málsmeðferð skv. 1. mgr. 26. gr. Athugasemdir leiddu ekki til breytinga á tillögu. Biður gildistöku.

Breyting á deiliskipulagi Leirvogstungu.

Samþ. 24.06.2009. Málsmeðferð skv. 1. mgr. 26. gr. Engin athugasemd barst. Tók gildi 15.10.2009.

Breytingar á deiliskipulagi Álafosskvosar.

Samþ. 10.06.2009. Málsmeðferð skv. 1. mgr. 26. gr. Athugasemdir leiddu til breytinga á greinargerð. Tók gildi 10.09.2009.

Völuteigur 8, breytingar á deiliskipulagi.

Samþ. 10.06.2009 með fyrirvara um samkomulag við lóðarhafa. Málsmeðferð skv. 1. mgr. 26. gr. Engin athugasemd barst. Biður gildistöku.

Þeir sem óska eftir nánari upplýsingum um ofangreindar skipulagsáætlanir snúi sér til skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar, Þverholti 2 (2. h.), 270 Mosfellsbæ. Upplýsingar er einnig að finna á heimasíðu Mosfellsbæjar: www.mos.is.

31. desember 2009,
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



Þrifa og bóna í fjáröflunarskyni

Það má með sanni segja að strákunum í knattspyrnudeild Aftureldingar sé margt annað til lista lagt en að æfa og spila fót-bolta. Fyrir jólin svöruðu þeir kalli Rauða krossins og unnu að matarúthlutun. Strákarnir hafa einnig tekið að sér að þrifa bíla fyrir sveitunga sína í fjáröflunarskyni. Næsti bóndagur er á sunnudaginn og verða strákarnir að störfum í Áhaldahúsinu í Völuteigi og taka vel á móti viðskiptavinum. Strákarnir byrja að þrifa kl. 10 um morguninn.

Mosfellingar leigja út hús til blakara

Helgina í kring um uppstigningardag, 13-15. maí verður 35. Íslandsmót öldunga í blaki haldið í Mosfellsbæ og sér blakdeild Aftureldingar um mótið.

Von er á ca. 800-1000 keppendum í bæinn á meðan á mótinu stendur. Venja er á þessum mótum að þeir sem ekki gista í skólunum leigja húsnæði af bæjarbúum. Þeir bæjarbúar sem eru til í að leigja íbúðir/hús sín 12.-16. maí eru vinsamlegast beðnir um að setja sig í samband, gunnasveins@gmail.com.



Vel heppnað LEGO-mót að Varmá

Legómótið í 6. og 7. flokki karla og kvenna í fótþolna fór fram á Varmá á dögunum. Það er almannarómur að sjaldan eða aldrei hafi mótið heppnast jafn vel, þrátt fyrir að vera líklega það stærsta sem haldið hefur verið. Að venju eru verðlaun á mótinu LEGÓ kubbar og hittir það svo sannarlega í mark hjá framtíðar stjörnum íslenskrar knattspyrnu.

Sterkur hópur öflugra einstaklinga

Í maí í vor verður gengið til sveitarstjórnakosninga og eru framboð nú í óða önn að raða saman fólki á lista sem áhuga hafa á að bjóða sig fram til áhrifa. Við sjálfstæðismenn í Mosfellsbæ höfum ákveðið að efna til prófkjörs til að velja á framboðslista okkar og verður það haldið 6. febrúar.

Sterkur hópur

Á gamlársdag kom í ljós að það verða 15 öflugir einstaklingar í prófkjöri okkar sjálfstæðismanna. Þetta er sterkur og breiður hópur, blanda af reynsluboltum í sveitarstjórnarmálum og nýju fólki með aðra reynslu, sá yngsti 18 ára og sá elsti 65 ára. Þarna er saman kominn hópur einstaklinga með fjölbreyttan bakgrunn en allir eiga þeir það sammerkt að hafa brennandi áhuga á sveitarstjórnarmálum og biða með uppþrettar ermar að fá að vinna okk-



ar góða samfélagi hér í Mosfellsbæ gagn. Það eru mikil verðmæti fyrir hvert sveitarfélag að svo stór hópur bjóði fram krafta sína fyrir samfélagið.

Aukin lýðræðisvitund

Árið 2010 stefnir í að verða mikið kosningaar. Fyrst verða prófkjör og forval látni ráða för víða um land og síðan verða sveitarstjórnarkosningar, og jafnframt er útlit fyrir fyrstu þjóðaratkvæðagreiðsluna sem haldin hefur verið frá árinu 1944. Hvet ég alla til að nýta lýðræðislegan rétt sinn og mæta á kjörstað þrátt fyrir að þau skipti verði nú öllu fleiri en venjan er. Á þeim tímamótum sem íslenskt samfélag stendur á, ríður á að við séum öll þátttakendur í þeirri þjóðfélagsmótun sem framundan er.

Í umræðunni undanfarna daga og vikur hefur komið fram að Íslend-

ingar leggja nú aukna áherslu á lýðræði. Í því samhengi er gaman að nefna að við sjálfstæðismenn í Mosfellsbæ höfum á undanförunum átta árum staðið fyrir framförum í íbúalýðræði hér í sveit. Á síðasta kjörtímabili var m.a. haldið stórt íbúalýðræði þar sem fjallað var um helstu málefni sveitarfélagsins. Á þessu kjörtímabili er skemmst að minnast heildarstefnumótunar sveitarfélagsins sem unnin var 2007-8 þar sem yfir 200 manns tóku þátt. Í því ferli voru m.a. mótuð gildi sveitarfélagsins með sama fyrirkomulagi og á þjóðfundinum um daginn og urðu vörðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja fyrir valinu.

Í framhaldinu hefur síðan verið unnið að stefnumótun einstakra málaflokka með virkri aðkomu bæjarbúa, á skólalýðræði, skipulagsþingi, menningarþingi og nú stendur fyrir dyrum að halda íbúalýðræði um sjálfbæra þróun. Þetta er þróun sem ber að fagna og sem við sjálfstæðis-

menn munum standa vörð um og efla enn frekar.

Byð mig fram til forystu

Á undanförunum árum hef ég verið virkur þátttakandi í samfélagsverkefnum í bænum okkar. Ég hef m.a. verið formaður bæjarráðs og skipulags- og byggingarnefndar og svo bæjarstjóri síðan haustið 2007. Af þessum störfum hef ég haft afskaplega mikla ánægju, þetta hefur gefið mér mikið og ég lít stoltur til baka. Það eru mikilvæg verkefni framundan hjá Mosfellsbæ sem ég er reiðubúinn og tilbúinn að takast á við.

Ég hvet Mosfellinga til að taka þátt í prófkjörinu þar sem ég býð mig fram í 1. sæti á lista sjálfstæðismanna í Mosfellsbæ fyrir sveitarstjórnakosningarnar í vor.

Gleðilegt ár kæru sveitungar.

Haraldur Sverrisson
bæjarstjóri

Ágætu Mosfellingar

Ég hef að íhuguðu máli ákveðið að gefa kost á mér í þriðja sæti á lista sjálfstæðismanna fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Ástæður að baki þeirri ákvörðun eru margvíslegar, svo sem áhugi á stjórnmálum og umhverfi okkar Mosfellinga. Meginástæðan er sú trú mín og von að ég geti orðið til gagns á víðsjárverðum tímum.

Ég hef starfað við eigin atvinnurekstur í rúm tuttugu ár ásamt því að taka þátt í félagsstörfum bæði tengdum atvinnu og áhugamálum. Frá bankahruni hef ég tekið virkan þátt í opinberri umræðu og uppbyggingarstarfi með ýmsum þverpólitískum hópum sem láta sig framtíð landsins varða. Sem dæmi er ég í hópi þeirra sem áttu í bréfaskriftum við forsvarsmenn Alþjóða gjaldeyrissjóðsins og funduðu með fulltrúum sjóðsins. Ég tók virkan þátt í starfi Endurreisnarnefndar Sjálfstæðisflokksins og stýrði þar hópastarfi.

Það er trú mín að nú sem aldrar sé þörf á fólki með praktíska reynslu úr atvinnulífi, fólki sem hefur ætíð þurft að standa fyrir sínum ákvörðunum, réttum sem röngum og gjalda fyrir þær á eigin skinni. Ég er þess fullviss að löng reynsla mín af atvinnurekstri og félagsmálum geti nýst í bæjarstjórn Mosfellsbæjar.

Um leið og ég er handviss um að í núverandi ástandi búi ýmis tækifæri þá verður ekki horft fram hjá því að á næstu árum munum við Mosfellingar, líkt og aðrir, þurfa að gæta að hverju fót máli í rekstri bæjarins. Engu að síður þurfum við að gæta vel að þörfum bæjarbúa. Því hefur aldrei verið mikilvægara að taka yfirvegaðar og skynsamlegar ákvarðanir



um forgangsriðun verkefna og útgjalda. Sem dæmi tel ég mikilvægt að gæta vel að þeim sem verða undir í því efnahagslega hamfaraveðri sem geislað hefur. Ekkert er skelfilegra en að einstaklingar tynist í erfiðleikum líðandi stundar og finni ekki leið út í lífið þegar land rís á ný. Íbúar og bæjaryfirvöld verða að vera samstiga og gæta þess að fólk á öllum aldri festist ekki í viðjum kreppu og vonleysis.

Börn og ungmenni þurfa dægradvöl og verkefni við hæfi. Því þarf augljóslega að viðhalda öflugum íþrótt- og tómstundastarfi af ýmsu tagi, svo daglegt líf ungra Mosfellinga raskist sem minnst.

Undirstaða þessa alls er atvinnan; framleiðsla, verðmætasköpun – atvinnuþátttaka. Bæjarfélagið getur lagt sig fram um að viðhalda atvinnustigi. Skapað hér umhverfi til fjölgunar atvinnutækifæra. Frábært dæmi um það eru áætlanir um sérhæfða heilbrigðisstofnun á Tungumelum. Ýmis önnur tækifæri eru að mínu mati til atvinnusköpunar í bæjarfélaginu en í því sambandi skiptir öllu að bæjaryfirvöld gangi í takt með fólki sem vil láta til sín taka.

Annað áherslumál mitt er að auka enn gegnsæi stjórnsýslunnar, svo sem með frekari aðgangi að upplýsingum um verkefni og rekstur. Auðveldna má aðkomu bæjarbúa að ákvarðanatöku, þó án þess að firra kjörna fulltrúa ábyrgð á verkum sínum.

Í lokin vil ég hvetja alla til þess að taka þátt í prófkjörinu þann 6. febrúar og óska ég eftir stuðningi í þriðja sæti.

Eliás Pétursson

Skólarnir okkar

Það er stór stund þegar börn byrja í grunnskóla og var mikill spenningur á heimili mínu þegar yngsta dóttir mín hóf grunnskólagöngu sína síðasta haust. Undirbúningur fyrir skólagönguna byrjaði markvisst í leikskólanum m.a. með verkefninu „Brúum bilið“ og höfðum við rætt skólaþyrjunina heima, en engu að síður var sú stutta samt búin að ímynda sér þetta eitthvað öðruvísi því eftir fyrsta skóladaginn sagði hún með undrunarsvip: „Mamma þetta var bara alveg eins og í leikskólanum“. Þegar við fórum að ræða málin þá kom í ljós að hún hélt að strax fyrsta daginn myndi rigna bókstöfum og tölustöfum. Leikur myndi heyra sögunni til og þau fengu vart að anda. Því var þungu fargi af henni létt og bætti hún því við að kennarinn væri líka skemmtilegur.

Skólar barnanna okkar skipta mjög miklu máli og velja margir sér búsetu eftir því hvernig þeim list á skólamálin. Sem foreldri þriggja barna sem hafa verið og eru í leik- og grunnskólum bæjarins er ég sannfærð um að hér í Mosfellsbæ er rekið metnaðarfullt skólastarf. Í skólunum starfa samstilltir hópar fólks sem leggja mikið upp úr því að það nám sem fram fer taki mið af þroska og þörfum hvers barns þar.

Skólafólkið er líka hugmyndafríkt og þróunarverkefnið bæði fjölbreytt og spennandi. Má nefna fimm ára deildir við grunnskólana, tónlistarnám fyrir alla og einstakan Lista-skóla. Hér er útikennsla, spennandi raungrainakennsla og tungumálánám. Líkamsrækt fyrir unglinga sem ekki njóta sín í almennri íþróttakennslu. Krikaskóli, nýjasti skóli



Mosfellsbæjar, hefur þegar komist á spjöld skólasögu Íslands. Pollagallaskólinn sem er samþættur leik- og grunnskóli fyrir börn frá 1-9 ára, þar sem mikil áhersla er lögð á tengingu skólans við nærsamfélagið.

Í Mosfellsbæ er áhersla lögð á þjónusta við foreldra vegna yngstu barnanna, enda slíkt nauðsynlegt í nútímasamfélagi. Frístundasel grunnskólanna mynda heildstæða umgjörð um skóladag barnanna og er dóttir mín ánægð með starfið. Hún stundar m.a. Kirkjukrakka og ýmislegt val og er alsæl með íþróttaför Aftureldingar sem hún fer í tvisvar í viku. Þar kynnast þau hinum ýmsu íþróttagreinum s.s. Taekwondo, handbolta, fótbolta, blaki og fimleikum og sér maður hvernig hugmyndir hennar um íþróttagreinarnar breytast við að prófa. Það er til fyrirmyndar hvað vel hefur tekist til með samþættingu starfsins milli skóla og Aftureldingar.

Nýlega lukum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010 þar sem áhersla er lögð á að verja grunn- og velferðarþjónustu sveitarfélagsins. Við óhjálkæmilega hagræðingu er forgangsraðað í þágu barna og velferðar og ekki er gert ráð fyrir hækkuðum á þjónustugreiðslum barna- fjölskyldna í leik- og grunnskólum. Bæjarstjórn stóð sem einn maður og er það von mín að áfram takist okkur að ná samstöðu um skólastarfið og velferð barnanna okkar.

Herdís Sigurjónsdóttir bæjarfulltrúi
gefur kost á sér í 2. sæti
í prófkjöri sjálfstæðismanna

Björt framtíð í Mosfellsbæ

Þegar við fjölskyldan fluttum í Mosfellsbæ í febrúar 2006 þá höfðum við lengi horft til bæjarins með þann draum í hjarta að einn daginn skyldum við festa hér rætur. Þetta byrjaði allt saman árið 1997 þegar ég hóf að leika með Handknattleiksfélagi Mosfellsbæjar (HM).



Árið 2000 gengum við hjónin í það heilaga og það kom ekkert annað til greina en að gifta sig í fallegustu kirkju landsins, Lágafellskirkju. Ári síðar var dóttir okkar skírð í sömu kirkju. Eftir það var ekki aftur snúið.

Komum Mosfellsbæ á kortið

Það hefur mikið áunnist í bæjarfélaginu okkar á undanförmum árum og þegar allt lék í lyndi á Íslandi þá fórum við ekki varhluta af því. Mikill uppgangur var og heilu hverfin risu í túnfætinum. Frá því að síðast var kosið í bænum hefur íbúafjöldi aukist um rúm 15%. Næstu fjögur ár verða að öllum líkindum erfið og þurfum við á öllum okkar kröftum að halda til að bæta ekki fleiri álögum á þegna þessa bæjarfélags. Það hafa hinsvegar mörg önnur bæjarfélög þurft að gera og munu þurfa að gera á næstu árum.

En hvað getum við gert til þess að fá tekjur í bæjarfélagið án þess að það komi allt frá íbúunum sjálfum? Jú, við þurfum að gera bæinn okkar áhugaverðan fyrir fyrirtæki, félagsamtök og stofnanir. Það þarf að fá

fólk til að heimsækja okkur og nýta sér þá þjónustu og verslun sem hér er í boði.

Góðar fréttir bárust í miðri kreppu þegar gengið var frá samningi um byggingu einkasjúkrahúss og hótels á Tungumelum.

Með þessum tímamótasamningi fylgja ótrúlega mörg tækifæri fyrir okkur Mosfellinga. Við þurfum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að halda rétt á spilunum og tryggja okkur í sessi sem áhuga-verður og eftirsóknarverður áningarstaður.

Brettum upp ermar

Ég er tilbúinn til að leggja mitt af mörkum til að gera bæinn okkar að enn betri bæ og vinna ötullega fyrir Mosfellinga. Hvort sem það er í íþrótt- og æskulýðsmálum, atvinnu-, umhverfis- eða skólamálum að ég tali nú ekki um skipulagsmál. Þrátt fyrir að vera eitt best rekna sveitarfélagið á landinu þá er alltaf tækifæri til að gera betur. Brettum upp ermar og byrjum að vinna til framtíðar fyrir okkur öll.

Ég óska eftir stuðningi þínum í 4. sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna sem fram fer þann 6. febrúar.

Í tilefni framboðsins hef ég opnað blogg síðu, www.runarbragi.blog.is og þar verður hægt að fylgjast með skrifum mínum og áherslumálum.

Rúnar Bragi Guðlaugsson

Stuðningsyfirlýsing við Valdimar Leó Friðriksson

Í prófkjöri Samfylkingarinnar, sem fram fer 30. janúar, eru 11 úrvals þátttakendur. Kynjahlutfallið er eins jafn og hugsast getur, eins og á að vera í jafnaðarmannaflokk. Þetta er fólk með mikla reynslu á ýmsum sviðum. Það getur orðið mörgum erfið að taka ákvörðun - og velja á milli þessara ágætu frambjóðenda í efstu sætin. Við sem skrifum þessa grein áttum ekki í erfiðleikum með að velja, að ákveða hver ætti að leiða lista Samfylkingarinnar fyrir bæjarstjórnarkosningarnar vorið 2010. Í vali okkar felst ekki vantraust á þann sem leiddi listann síðastu kjörtímabil, né á aðra sem sækjast eftir að leiða listann. **Að okkar mati er Valdimar Leó Friðriksson best fallinn til að leiða listann. Þess vegna lýsum við yfir stuðningi við Valdimar í fyrsta sætið.**



lagt stund á stjórn-málafræði hjá HÍ og Rekstrar- og viðskiptafræði hjá EHI.

Stuðningur okkar við Valdimar byggist á persónulegum kynnum okkar af störfum hans í félagsmálum, að málafnum fólks með fatlanir, af störfum hans innan íþróttahreyfingarinnar þar sem Valdimar var lengi vel framkvæmdarstjóri Aftureldingar og við höfum einnig haft kynni af störfum hans innan hagsmunasamtaka launafólks. Valdimar hefur brennandi áhuga á öllu því sem snýr að mennta- og velferðarmálum. Hann er maður sem þorir, hann er maður sem hlustar. Hann er í okkar huga boðberi nýrra vinnubragða.

Við leitum eftir stuðningi við Valdimar í 1. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar 30. janúar.

Með baráttu kveðju.

Lárus H. Jónsson ljóshraði og Jan Agnar Ingimundarson fv. formaður Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ.

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

20% AFSLÁTTUR
- gegn framvísun miðans

ARISTÓ
hárstofa

Háholt 14, s. 566-8989

20% afsláttur af Catwalk vörum
gildir til 5. febrúar

✓ RBS ehf
ráðgjöf - bókhald - skattskil

Gunnar Haraldsson, hagfræðingur
löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
löggiltur leigumiðlari

Þverholti 11, 270 Mosfellsbær - Sími 561 0244
Gsm 692 4000, 697 3500 - fax 561 0240 - rbs@centrum.is

Þarftu að breyta eða bæta, utandyra sem innan?
Tökum að okkur nýsmíði, sérsníð, viðhaldsvinnu og endurbætur.

Álafossvegur 27 - s. 586-8356 (verkstæði) - fax 586-8357
s. 894-0006 (Gunnar) - ishamar@ishamar.is

Eru rennurnar og niðurföllin hjá þér farin að leka?

Fyrirtækið Rennur og niðurföll tekur að sér að endurnýja og laga rennur og niðurföll, einnig aðra þakvinnu.

Uppl. í síma: 694-8448, Ólafur

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR

CELETTE
Fullkomnustu grindarréttinga- og mælitæki sem völ er á hér á landi

Á vinnubrögðum vorum sést að vel er hönnuð iðjan og nýja tækni nýtir best Nýja Bílasmiðjan

Flugumýri 20
270 Mosfellsbæ
Sími: 566 8200-566 8201
Fax: 566 8202
Netfang: nybil@centrum.is

NÝJA BÍLASMIÐJAN HF

BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR

Pólitík er ...

Prófkjör Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ fer fram laugardaginn 30. janúar.

Ellefu einstaklingar gefa kost á sér í prófkjörinu. Þar er um glæsilegan hóp að ræða sem er skipaður einstaklingum með fjölbreytta reynslu, menntun og þekkingu og brennandi áhuga á mál-efnum Mosfellsbæjar. Það verður úr vöndu að ráða fyrir samfylkingarfólk að ráða þessum einstaklingum í prófkjörinu og móta með því sterkan lista einstaklinga sem ásamt stefnumálum okkar höfðar til kjósa-



enda. Þó svo að allur þessi hópur gangi undir merkjum jafnaðarstefnunnar og að það séu málefni sem áherslan á að vera á, er ljóst að einnig skiptir máli hverjir verða talsmenn stefnu okkar og fulltrúar hennar.

Fólk hefur mismunandi skoðanir á því hvað pólitík er, hvar mörk hennar eru og hvar henni sleppir. Í mínum huga er pólitík fyrst og fremst afstaða til þess hvernig og með hvaða hætti við viljum móta samfélag okkar til framtíðar og á hvaða gildum það skuli byg-

gja. Hún snýst um hvaða þættir í umhverfi okkar og aðstöðu, félagslega sem og efnalega, eigi að teljast til samfélagslegra verkefna. Hún snýst einnig um það með hvaða hætti þú og ég getum haft áhrif á ákvarðanir sem varða líf okkar. Pólitík snýst því um flest það sem tengist hinu daglega lífi.

Í mínum huga skiptir það miklu máli með hvaða hætti pólitískir fulltrúar okkar starfa. Þeir verða að vera trúir þeim gildum sem stefna okkar byggir á, áherslum okkar í einstökum málaflokkum og halda þeim fast fram. Jafnframt verða þeir að vera til-

búnir að vinna að heilindum með öðrum að málum sem ekki er ágreiningur um. Þekking, heiðarleiki, traust og málefnanleg umræða eru eftirsóknarverðir þættir í pólitík að mínu mati og hef ég í störfum mínum sem bæjarfulltrúi Samfylkingar lagt mig fram um að haga störfum mínum með þeim hætti. Undir þessum formerkjum gef ég kost á mér í 1. sæti og þar með að leiða lista Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ við komandi bæjarstjórnakosningar.

Jónas Sigurðsson
bæjarfulltrúi Samfylkingar

Útivistarbærinn Mosfellsbær

Mosfellsbær er umkringdur fallegri náttúru og óvída eru tækifæri til íþróttaiðkunar og útivistar meiri en hér. Ég get skokkað eða riðið út meðfram strandlengjunni. Farið með börnin mín í fjöruferð, skógarferð eða í fjallgöngu. Skellt mér á sæpotu á Hafravatni eða farið í golf. Og allt er þetta nánast í túninu heima. Örskotstund tekur svo að keyra inn í höfuðborgina þegar á því þarf að halda. Það geta ekki mörg sveitarfélög stáð að að jafn góðu bæjarstæði og Mosfellsbær.

Sveitarfélagið hefur vaxið gríðarlega á síðustu árum og í því felast spennandi tækifæri, t.d. með uppbyggingu miðbæjar og aukinni þjónusta við íbúa. Fyrirhuguð uppbygging ævintýragarðs í Ullarnesbrekkum er gott dæmi um framtíðarsýn og áherslu á grænan og fjölskylduvænan bæ. Það er von mín að sveitarfélagið öðlist sem fyrst bolmagn til að koma þeim skemmtilegu og spennandi hugmyndum sem uppi eru um garðinn í framkvæmd. En svæðið er til staðar og er í dag ævintýrlegur staður. Það er mikilvægt að halda vel utan um þau fjölmörgu útivistarsvæði sem við eigum því þau auka án efa lífsgæði okkar íbúanna.

Bæjarbragur með grænum miðbæ

Nýtt miðbæarskipulag hefur verið unnið á síðustu misserum. Í þeirri vinnu var mikil áhersla lögð á að fá fram hugmyndir um þarfir og væntingar íbúa til miðbæjarinnar. Nýja miðbæarskipulagið hefur hlotið viðtæka umræðu og kynningu þar sem leitast var við að fara nýjar leiðir við að virkja íbúana í umræðunni og



kalla eftir þeirra sjónarmiðum. Ég get fullyrt að ekkert skipulag hafi fengið jafn mikla og góða umræðu og kynningu. Það er mjög mikilvægt að klára sem fyrst heilstætt skipulag fyrir þetta svæði svo hér geti byggst upp fallegur miðbær.

Enginn gerir ráð fyrir því að miðbærinn byggist að fullu upp á næstu árum en skipulag er forsenda þess að uppbygging geti hafist. Nú þegar hefur verið ákveðið að framhaldsskólinn verði staðsettur í miðbænum en það er lyftistöng fyrir hann og tryggir auknið mannlíf. Einnig hefur farið fram samkeppni um kirkju og menningarhús sem staðsett verður í miðbænum. Sú glæsilega bygging verður eitt af einkennum hans.

Nýtt miðbæarskipulag leggur jafnframt mikið upp úr grænni og náttúrulegri ásýnd. Með skrudgarði við Bjarkarholt og fallugu klöppunum okkar verður náttúrunni sá sómi sýndur sem hún á svo sannarlega skilið.

Á því tæpa ári sem liðið er frá því ég tók við formennsku í skipulags- og byggingarnefnd hef ég leitast við að halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið í nefndinni á síðustu árum undir forystu Haraldar Sverrissonar bæjarstjóra. Ég hef lagt mikla áherslu á virkt upplýsingaflæði og að fá fram skoðanir og viðhorf íbúa. Skipulagsþing var haldið í haust en markmið þess var að fá sem flesta íbúa til að tjá skoðun sína og sjónarmið um þróun skipulags í sveitarfélaginu okkar.

Bryndís Haralds formaður skipulags- og byggingarnefndar, gefur kost á sér í 2. sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna sem fram fer 6. febrúar.

Ómetanlegt forvarnarstarf

Hjá Ungmennafélaginu Aftureldingu stunda um 1200 börn íþróttir alla daga vikunnar, allt árið um kring. Markmið íþróttafélagsins er að öll börn í Mosfellsbæ geti stundað íþróttir við hæfi. Hjá Aftureldingu fer fram mikið forvarnarstarf og viljum við að börnin okkar stundi heilbrigðan lífstíl. Íþróttaiðkun er sannarlega leiðin að heilbrigðum lífstíl þar sem börnin fá tækifæri til að styrkja líkama og sál.

Í kringum félag af þessari stærðargráðu koma margar hendur að svo daglegt starf gangi sem best fyrir sig. Rekstur íþróttamannvirkjanna er í höndum bæjarfélagsins en öll starfsemi deildanna er rekin af fjölmönnum og öflugum hópi sjálfboðaliða. Um 80 manns stýra deildum félagsins en miklu fleiri leggja fram óeigingjarna vinnu í þágu eigin barna og annarra. Ég, sem foreldri og stjórnandi í einni stærstu deildinni, hef kynnst mörgum ósérhlífnum hetjum sem leggja allt á sig svo starfið gangi vel og mun ég ekki sitja á liði mínu til að svo verði áfram.

Æfingagjöld, fjáraflanir og styrkir sem deildirnar fá, fara í að greiða þjálfurum laun og kaup þann búað sem til þarf. Styrktaraðilum er seint fullþakkað fyrir að koma að rekstri deildanna sem hefur verið þungur eftir að efnahagskreppan skall á. Við verðum að standa vörð um íþróttastarfið í bænum því sú forvörn sem í því er falin er ómetanleg og skaðinn af því að sinna ekki góðu íþróttastarfi getur kostað mikið.

Íþróttafjörrið – íþróttir fyrir alla

Nú í haust var öllum nemendum í sex og sjö ára bekk boðið að stunda íþróttir á þeim tíma sem frístundaselin eru opin. Þetta er frumkvöðla- starf og samvinnuverkefni flestra deilda hjá Aftureldingu, bæjarfélagsins og grunnskólanna. Markmiðið með Íþróttafjörinu er að öll börn á



þessum aldri í Mosfellsbæ fái að kynna sem flestum íþróttagreinum svo þau geti gert upp hug sinn og fundið seinna meir sína uppáhaldsgrein. Vitað er að mörg börn stíga sín fyrstu skref í íþróttahúsið að Varmá við að taka þátt í Íþróttafjörinu.

Það eru góðar fréttir. Til að halda kostnaði í lágmarki greiða foreldrar fyrir Íþróttafjörrið með frístundaávísuninni og fá fyrir hana vistun í frístundaseli og Íþróttafjörrið. Mosfellsbær greiðir svo mismuninn sem uppá vantar til að hægt sé að standa undir kostnaði við verkefnið.

Íþróttabærinn Mosfellsbær

Ég verð alltaf jafnstolt þegar ég heyri bæði Mosfelllinga og aðra, hafa orð á okkar fallega íþróttasvæði. Hér er aðstaðan góð og umhverfið vænt og grænt. Mosfellsbær hefur allt upp á að bjóða til að verða framúrskarandi íþróttabær með góða aðstöðu og síðast en ekki síst ótrúlega áhugasamt fólk sem vill íþróttafélaginu sínu og bænum allt hið besta.

Megináherslan í fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar fyrir árið 2010 er að standa vörð um grunn- og velferðarþjónustu sveitarfélagsins. Þar sem Mosfellsbær hefur upp á margt að bjóða laðar bærinn til sín barnafjölskyldur og þessu fólki megum við ekki bregðast. Við Mosfelllingar erum þeirrar gæfu aðnjótandi að búa í bæjarfélagi sem er rekið af skynsemi og viljum að svo verði áfram. En alltaf má gera betur og verður forgangsröðunin að vera rétt. Okkar mesti fjársjóður er börnin okkar og er það í höndum okkar fullorðna fólksins að móta framtíð þeirra sem Mosfelllinga.

Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, formaður barna- og unglingaráðs knattspyrnu deilda, sækist eftir 3. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins fyrir sveitarstjórnakosningarnar í vor.



HEIMILISMATUR Í HÁDEGINU

1290,-

Hafðu áhrif á stjórn bæjarins

Laugardaginn 30. janúar fer fram prófkjör Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ. Ég hef gefið kost á mér í annað sæti á lista flokksins í komandi sveitarstjórnakosningum í vor. Eftir síðustu kosningar tók ég sæti í bæjarstjórn Mosfellsbæjar og hef setið þar í minnihluta sem annar af tveimur fulltrúum Samfylkingarinnar. Það hefur verið mér mikil og dýrmæt reynsla að sitja í bæjarstjórn á þessu tímabili sem hefur verið svo viðburðarríkt í fjármálum þjóðarinnar.

Þegar kreppir að í fjármálum bæjarfélags og félagsleg og fjármálaleg staða margra íbúa þess versnar kristallast betur en nokkrum sinnum áherslun munur stjórnmalaflokka í málaflokkum sem lúta að velferðarmálum. Því hefur verið haldið á lofti að samstaða hafi ríkt meðal fulltrúa allra flokka í bæjarstjórn Mosfellsbæjar um afgreiðslu fjárhagsáætlunar árið 2009 og 2010.

Þetta er að sönnu rétt og ber vott um það að fulltrúar í bæjarstjórn Mosfellsbæjar hafa séð mikilvægi þess að standa saman á þeim erfiðu tímum sem nú ríkjá. Samstaða sem þessi næst með málamiðlunum. Sátt er um að niðurskurðir fjárframlaga til leikskóla, grunnskóla og annarrar starfsemi sem tengist börnum sé haldið í lágmarki og um að auka beri framlög til hjálpar einstaklingum og fjölskyldum sem eiga í fjárhagslegum vanda. Það er ljóst að á næstu árum verður að standa vörð um velferðina í Mosfellsbæ og vonandi kemst Samfylkingin í aðstöðu til að ráða þar ferðinni.

Ég kynntist Mosfellssveit fyrst þegar foreldrar mínir byggðu sér sumarbústað við Varmá upp úr 1970. Fjölskyldan dvaldist hér öll sumur og flestar helgar yfir vetrar-



tímann. Á þessum tíma var Mosfellssveit fyrst og fremst sveit og byggðarkjarninn lítill. Það var t.d. nærtækt fyrir mig að fara í sumarvinnu á fuglabúinu á Reykjum.

Sjálf fluttist ég í sveitarfélagið árið 1987, sama ár og bæjarfélagið fékk kaupstaðarréttindi og nafninu var breytt úr sveit í bæ. Þetta ár byrjaði ég einnig að vinna við Gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar en það var nafn skólans sem í dag er kallaður Varmáarskóli eldri deild. Eftir rúmlega tuttugu ára starf að skólamálum í Mosfellsbæ er sá málaflokkur mér skiljanlega mjög nær. Ég hef miklar áhyggjur af áhrifum versnandi efnahags bæjarins á skólana og tel mjög brýnt að standa vörð um starfsemi þeirra.

Það er ekki langt síðan Mosfellsbær var sveit þar sem búskapur af ýmsu tagi var stundaður á mörgum bæjum. Þó íbúum sveitarfélagsins hafi fjölgað mjög á síðustu árum og yfirbragð bæjarins svipti æ meira til annarra bæjarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þá hefur til þessa tekist að flétta þannig saman byggðina og sveitina að hvort styrkir hitt. Þessum sérkennum bæjarfélagsins er mjög mikilvægt að halda til haga í framtíðarskipulagi bæjarins.

Einungis þeim sem gengið hafa í Samfylkinguna fyrir miðnætti laugardaginn 16. janúar er heimilt að taka þátt í prófkjöri flokksins laugardaginn 30. janúar. Ég hvet fólk til að ganga í flokkinn og taka þátt í prófkjörinu og leggja þannig sitt af mörkum til að listi Samfylkingarinnar verði skipaður öflugum frambjóðendum í komandi kosningum.

Hanna Bjartmars Arnardóttir
bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar

Í upphafi nýs árs

Í upphafi nýs árs, er tilvalið fyrir okkur að skoða hvað við höfum afrekað saman og sem einstaklingar. Síðastliðið ár hefur ekki verið auðvelt, svo virðist þó sem við höfum fundið leið til að gera svartnættið öllu bjartara fyrir okkur sjálf og aðra í kringum okkur - með því að sýna hvert öðru umhyggju og leggjast á eitt þegar stór og erfið verkefni blasa við okkur.

Flest félögin hér í bæ sem eru eitt-hvað viðriðin íþrótta- og tómstundastarf eru rekin af sjálfbærðaliðum. Oft foreldrum, þátttakenda eða þeim sem hreinlega hafa óbilandi trú á starfinu og vilja leggja sitt af mörkum svo starfið gangi sem farsællegast. Um þetta eru mýmörg dæmi og of langt mál að telja þau öll upp



hér. En með þessu sjálfbærðaliðastarfi, er allt þetta góða fólk að byggja undir æskuna sem erfir landið. Það er í raun merkilegt hversu vel okkur Mosfellungum hefur tekist til við að halda utan um þau sem skipta okkur mestu máli, sýna þeim umhyggju og aðhald og síðast en ekki síst verndað þau fyrir öllu því neikvæða sem hefur dunið á okkur upp á síðkastið. Okkar verðmætasta eign eru börnin okkar, þeim er virkilega vel borgið í öllu því fjölbreytta starfi sem þeim stendur til boða í Mosfellsbæ. Verum góð hvert við annað og styðjum börnin í leik og starfi.

Baldur Ingi Ólafsson
er varabæjarfulltrúi og gefur kost á sér í 3. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar

Fit • Pilates

STINNUR RASS, SLÉTTUR MAGI

Fit Pilates tímar

mánudaga og fimmtudaga kl. 12, 17:30 og 18:45



Þú byrjar þegar þér hentar

Skráning hjá Smára í s. 896-2300
og smari@fitpilates.org



Íþróttamiðstöðinni að Varmá

www.fitpilates.org



Ágæti hundaeigandi

Að gefnu tilefni skal hundaeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ,

(sjá reglugerð á www.mos.is/stjornsysla/samþykktirogreglur)

4. gr - Almennit um skyldur hundaeigenda:
Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Á almannafæri er hundaeiganda skytt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.

Fylgst er sérstaklega með lausagöngu hunda og þeir hundar fjarlægðir sem nást lausir á almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar



VIÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA MOSFELLSBÆR

Nokkur orð um fjárhagsáætlun 2010

Í desember sl. var lögð fram fjárhagsáætlun sem unnin var í samvinnu allra flokka í bæjarstjórn. Þetta er í annað sinn sem þessi háttur er hafður á eða frá því að nýr veruleiki blasti við okkur öllum haustið 2008. Í ljósi breyttra aðstæðna er mikilvægt að þverpólitísk samstaða náist um jafn mikilvæga þætti og fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.



Ljóst er að til þess að ná sameiginlegri niðurstöðu þurftu allir að gefa nokkuð eftir og er því áætlunin mikil málamiðlun. Ég vil því benda á nokkur atriði í örfáum orðum sem ég tel jákvæð svo og einnig nokkra óvissuþætti.

Margt jákvætt

Benda má á margt jákvætt í áætluninni s.s. eins og að álagningarglutfall fasteignaskatts er óbreytt auk annars, tekist hefur að verja störf, mæta aukinni fjárförð félagsþjónustu en fjárhagsaðstoð og húsaleigubætur hafa hækkað mikið. Að mati undirritaðs er það hvað jákvæð-

ast að hjá því hafi verið komist að hækka álgö-ur á einstaka hópa eins og t.d. barnafólk. Einnig að niðurskurður hafi ekki verið meiri en raunber vitni til innri starfsemi skóla bæjarins. Eitt það mikilvægasta sem bæjarfélög glíma við er að tryggja fé til menntunar barna okkar. Byrðarnar voru jafnaðar og viðunandi þjónusta tryggð með því að hækka útsvar bæjarfélagsins úr 13,03% í 13,19%.

Með frekari niðurskurði í stjórn-sýslu bæjarins eins og undirritaður lagði til hefði mátt koma í veg fyrir hækku útsvars en um þá tillögu náðist því miður ekki samstaða.

Óvissa um tekjuáætlunina

Þá vil ég benda á að nokkur óvissa ríkir um tekjuáætlunina og þá sérstaklega tekjur úr Jöfnunarsjóði en til þess að þær haldist óbreyttar eins og gert er ráð fyrir í áætluninni þurfa tekjur ríkisins að vera óbreyttar. Í fjárhagsáætluninni er gert ráð

fyrir hækku útsvarstekna um 2,7% að teknu tilliti til íbúafjölgunar. Ekki er á vísan að róa með fjölgun íbúa né hækku útsvars-tekna. Gera má því ráð fyrir að tekjuáætlun bæjarins sé ofáætlun en vonandi stenst hún. Hins vegar ætti það ekki að koma mjög á óvart verði þar um frávik að ræða. Sem dæmi má nefna að Reykjavíkurborg reiknar með 4,7% lækku á útsvari.

Samband íslenskra sveitarfélaga reiknar með 4% lækku á útsvari m.v. óbreytta útsvarsprósentu. Ef miðað er við forsendur SÍS og 2% fjölgun íbúa auk hækku á útsvarsprósentu úr 13,03% í 13,19% þá ætti það að þýða um 0,9% samdrátt útsvarstekna. Þetta kemur út sem allt að 100 milljónum kr. lægri tekjur en áætlunin gerir ráð fyrir. Hvað varðar aðrar tekjur í rekstarreikningi A-hluta þá er gert ráð fyrir að þær aukist um 320 milljónir kr. á árinu 2010. Þar af er m.a. tekjufært 150 milljóna kr. hlutafé í Primacare sem reiknað er með að fáið vegna sölu lóðar til félagsins.

Spurning er hvort þetta gefi rétta mynd af tekjum bæjarfélagsins og þannig rétta mynd af rekstri bæjarfélagsins. Rekstarniðurstaðan gæti því væri fljót að breytast í neikvæða átt.

Í fjárhagsáætluninni ríkir einnig óvissa um framlög til vinnuskólans en þar er áætlað tæpum 35 milljónum króna lægri upphæð en raunkostnaður ársins 2009 var. Þetta verður að teljast óvarlegt.

Þó vinnulag hafi um margt batnað hvað varðar fjárhagsáætlun í bæjarráði þá fengu nefndir bæjarins ekki nægan tíma að mínu mati til að fjalla um fjárhagsáætlunina en nokkrar þeirra tóku áætlunina fyrir á fundi sínum aðeins tveimur dögum fyrir seinni umræðu í bæjarstjórn og er það miður.

Þrátt fyrir framangreint þá er sannanlega vonast til að áætlunin gangi eftir svo ekki þurfi að koma til frekari skerðingar/niðurskurðar á árinu.

Marteinn Magnússon
bæjarfulltrúi B-lista

Verjum innviðina

Þegar reynir á samfélög og ágjöfin er mikil þarf að leita allra leiða til að styrkja innviðina. Sterkir innviðir verða nefnilega undirstaða endurreisnar. Innviðir sveitarfélags eru af ýmsum toga og snúa hver með sínum hætti að öllum þjóðfélagsþópum.



Í þessari stuttu grein staldra ég við málefni barna og ungmenna og skipulagsmál. Börn og ungmenni eru dýrmætasta „eign“ hvers samfélags. Aðbúnaður þeirra í skólakerfi og íþrótt- og tómstundastarfi getur skipt sköpum fyrir framtíðun, vöxt og viðgang samfélagsins. Í okkar sveitarfélagi hefur tekist vel til að mörgu leyti hvað varðar starf í þágu þessa dýrmæta fólks. Grunn- og leikskólar okkar sem og Listaskóli hafa

á að skipa fjölbæfu og metnaðarfullu starfsfólki.

Íþrótt- og tómstundafélög sinna kraftmiklu starfi sem borið er uppi af sjálfbodaliðum úr hópi foreldra með stuðningi bæjarins og fyrirtækja. En til að þróa starfið áfram með áherslu á jafnræði, jafnrétti, réttlæti og frelsi þarf sýn jafnaðarmanna að verða meira ráðandi í stefnumótun. Í kreppu hriktir í innviðunum og það er okkar hlutverk að gæta þess að þeir Mosfellingar sem nú eru á barnsaldri verði ekki, einir kynslóða, látnir axla þær byrðar sem kreppan leggur á samfélagið í formi minni þjónustu innan skólakerfisins. Það er líka á ábyrgð samfélagsins að búa þannig að íþrótt- og tókstundastarfi að öll börn geti stundað upp-

byggilega iðju í tómstundum sínum. Þannig styrkjum við innviðina.

Sterkir innviðir mótast líka í gegnum skipulagsmál sveitarfélagsins. Vandað skipulag þar sem litid er til allra aldurhópa og skyggst inn í framtíðina styrkir innviðina. Skipulag nærumhverfisins hefur mikil áhrif á lífsgæði íbúanna og er að mínu viti sá þáttur sem helst hefur áhrif þegar fjölskyldur velja sér búsetu, ásamt umgjörð málefna barna og ungmenna. Það er bjargföst trú mín að leysa meg stæstu ágreiningssefnir varðandi skipulagsmál með því að fá íbúa og samtök þeirra að borðinu í upphafi skipulagsferlis. Þess vegna er nauðsynlegt að sleginn verði nýr tónn í allri skipulagsumræðu og skipulagsvinnu í Mosfellsbæ. Orð eru til alls fyrst.

Undirrituð hefur á undanförm-

um árum starfað innan Aftureldingar og er nú varamaður í stjórn Ungmennafélagsins. Þá var ég fulltrúi í íþrótt- og tómstundaneftunum tíma og undanfarin 4 ár fulltrúi í fræðslunefnd ásamt því að vera vara-bæjarfulltrúi. Ég hef verið í forystu flokksstarfsins í Mosfellsbæ og á landsvísu, var varaformaður framkvæmdastjórna Samfylkingarinnar um tíma og er nú formaður kjördæmisráðs Suðvesturkjördæmis. Þessi reynsla mín og áhugi á mínu nærsamfélagi hvetur mig til að gefa kost á mér í prófkjöri Samfylkingarinnar svo ég geti lagt mitt lóð á vögarskálarnar þegar verja þarf innviðina og byggja upp í þágu framtíðar.

Anna Sigríður Guðnadóttir
framboðandi í prófkjöri
Samfylkingarinnar

16. janúar – þitt val

Jafnaðarstefnan er í sinn einstaklingsbundin lífsafstaða og alþjóðleg stjórnmálafest. Á ensku er vísað til hennar undir hugtökunum „social“ og „democratic“. Kjörorðin eru frelsi, jafnrétti og kærleikur (bræðralag).

Okkar ágæti Mosfellsbær þarf ekkert fremur en að á næsta kjörtímabili verði bæjarstjórn með samfélagslegar og lýðræðislegar áherslur. Flokkur sem að ekki hefur verið við völd þarf hinsvegar að hafa skarpa málefnalega sérstöðu. Koma beittur til leiks og bjóða skýran valkost. Sveitarstjórnakosningar 2010



ganga út á að hafa hugrekki í víðtæka endurnýjun og að nýta tækifærið til nauðsynlegra breytinga.

Ég hef ákveðið að gefa kost á mér í forystusæti (1.-3.) í prófkjörinu þann 30. jan.

Ég vil m.a.:

Íbúalýðræði - að kosið verði milli valmöguleika í stærri málum eins og t.d. staðsetningu kirkju

Mannlíf - að framhaldsskóli, menningarhús, garður og verslun myndi öfluga miðbæjarheild

Sveit - að tryggja að ræktanlegt

land verði skilgreint til landbúnaðar í aðalskipulagi

Markaðir - að efla bein tengsl landbúnaðar og þéttbýlis með mörkuðum

Græn svæði - að efla og styrkja Varmárvæðið til útivistar og skólastarfs

Heilnæmi - að auka áherslu á vistvænan og heilsutengdan lífsstíl

Bræður og systur! „Grípið geirinn í hönd“ og tökum þátt. Mótum okkar framtíð. Gangið í Samfylkinguna fyrir **16. janúar** til þátttöku í lokuðu prófkjöri flokksins í Mosfellsbæ þann 30. janúar. Með ákvörðun um þetta prófkjör er stigið fyrsta skref-

ið svo jafnaðarstefnan verði aflvaki mannlífs og farvegur lýðræðis í bænum. Látum þetta verkefni heppnast og leggjum áherslu á að opna flokkinn og fjölga félögum.

Það eru einungis nokkrir dagar sem bæjarbúar hafa til þess að skrá sig til leiks. „Vertu til, er vorið kallar á þig, vertu til að leggja hönd á plóg. Komdu út, því að sólskinið vill sjá þig, sveiflaw haka, og rækta nýjan skóg“.

(Frekari umfjöllun á gbo@blog.is)

Gunnlaugur B. Ólafsson
framhaldsskólakennari og fjallagarður



Er næringarskortur á Íslandi? Færðu réttu næringuna?

Þessum spurningum er svarað í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsan eftir breska lækinn Dr. Natasha Campbell-McBride. Hún er sérfræðingur í taugasjúkdóma- og næringarfræði.

Þessi bók heillar mig mjög mikið þar sem ég hef haft mikinn áhuga á næringu um langt skeið og ákveðnar skoðanir, sumar frá brjóstvitinu sem oft er ansi gott ef gagnrýnin hugsun fylgir. Var það mér því fjársjóður að fá þetta lesefni Dr. Campbell-McBride, kenningar og rannsóknir á meltingarveginum og fæðunni. Það dýpkaði skilning minn á allskyns líðan og hvernig líkaminn bregst við þegar maður borðar eitthvað sem ekki hentar honum. Einnig útskýrir hún afar vel

LÝÐHEILSUHORNID

starfsemi þarmanna og virkni góðu og meinvirku bakteríanna. Hún vitnar í ótal rannsóknir og vísindamenn sem hafa skoðað þessi mál að undanfögnu. Líðan barna og fullorðinna hefur breyst til batnaðar þegar fólk hefur tekið út ýmsar fæðutegundir sem henta því ekki. Dr. Campbell-McBride vinnur mikið með börn með ofvirkni, at-
hyglisbrest, einhverfu og margt fleira, með góðum árangri.

Ég er afar sammála því sem hún setur fram t.d. um það að fita er ekki skaðvaldurinn í ofþyngd og er okkur mjög nauðsynleg. Fleiri hafa komið með rannsóknir um fituna upp á síðkastið er lúta að sömu skoðun. Egg hafa líka verið talin óæskileg nema í litlu magni, en þau eru sú fæðutegund sem líkaminn nýtir alveg til fulls, koma næst brjóstamjólki að hennar mati. Ég man í gamla daga þá var eggjrauðu bætt í mat ungra barna.

Það er góð venja þegar maður skoðar hug sinn, að hugleiða hverju maður á að trúna en það skyldi maður alltaf gera þegar nýir hlutir koma fram. Eins að huga að því hvernig þessu er háttað í náttúrunni og hjá dýrunum. Þau fara nefnilega eftir eðlisávisun sinni en ekki eftir auglýsingum, markaðssetningu eða hagsmunum annara. Nema þegar við mennirnir höfum tekið völdin yfir þeim.

Þessum mikilvægu upplýsingum langar mig að koma á framfæri til fólks sem hefur áhuga á þessu málefni með fyrirlestri á opnu húsi 27. janúar kl 20 í listasalnum í Kjarna.

Vigdís Steinþórsdóttir skólahjúkrunarfræðingur

ALLT HEFUR ÁHRIF - EINKUM VIÐ SJÁLF

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



gudni.is
STAFRÆN ÚTLITSHÖNNUN

AUGLÝSINGAR - NAFNSPJÖLD - LJÓSMYNDUN - UMBROT
VEFSÍÐUR - RÁÐGGJÖF - ÖLL STAFRÆN ÚTLITSHÖNNUN

Háholti 14 - 270 Mosfellsbæ - GSM - 897-7738
www.gudni.is - gudni@gudni.is

GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir

Löggiltur rafverktaki





ÁLAFOSS
Verslun, Álafossvegi 23

WWW.ALAFOSS.IS

Tökum að okkur alla almenna jarðvinnu og yfirborðsfrágang.



JARÐMÓTUN

Flugumýri 18d, 270 Mosfellsbæ S 586 8060 & 892 0989 t-póstur elias@jardmotun.is

Fékkstu Endurskoðun?



Komdu með bílinn til okkar
og við gerum hann kláran í skoðun



ALLAR ALMENNAR VIÐGERÐIR

Bremsur • Dempaparar • Blettun & Málun • Smáréttingar • Smurþjónusta o.fl.

Völuteigur 11
270 Mosfellsbær
Simi: 565-5333

Heyrst hefur...



...að Mosfellingurinn Íris Hólm sé komin áfram í Eurovision forkeppninni í sjónvarpinu.

...að Bragi og Heiða eigi von á barni

...að í kjöri Mosfellings ársins hafi komið tilnefningar um Steinda Jr., Hönnu Símu, Bjarka Bjarna og Stefaníu Svavars og fleiri.

...að hljómsveitin Gildran ætli að koma saman á ný og halda tónleika í Mosó á næstu mánuðum.

...að Biggi og Rannsa hafi eignast stúlku á dögum.

...að Anna Hlín taki þá í Eurovision forkeppninni sem fram fer næsta föstudag.

...að Árdís sé komin út úr skápnunum.

...að Guðni Ágústsson verði ræðumaður á herrakvöldi Lions sem fram fer 12. febrúar.

...að V6 sprotahús sé flutt úr Mosó.

...að Hannes og Ólöf hafi eignast stelpu í Danmörku.

...að útvarpað hafi verið beint frá Lágafellskirkju síðasta sunnudag.

...að Karlakórinn Stefir sé sjötugur í dag, 15. janúar.

...að Hundaheimur sé fluttur í gamla Blómahúsið við Kaupfélagið.

...að Ásdís Rán hafi skemmt sér vel á Ásláki um áramótin þar sem Dúettinn Hljómur skemmti.

...að Dóra Braga sé að taka þátt í Wipe Outinu á Stöð 2.

...að hluti flugeldasýningar Kyndils á þrettándanum hafi verið á flæðiskeri statt og mátti ekki muna mörgum mínutum þegar flæddi að.

...að Steinarr í Hraunhúsum sé með lag í forkeppni Eurovision.

...að veitingastaðurinn "Cafe Kídda Rót" opni um miðjan febrúarmánuð.

...að Aftureldingarvarningur fái nú í íþróttahúsinu að Varmá.

...að vonda stjúpán úr Mjallhvíti hafi gert það gott sem álfadrottning á þrettándabrennunni.

...að örfá borð séu eftir á Þorablót Aftureldingar þann 23. janúar.

...að frambjóðendur fyrir prófkjörin séu farnir að undirbúa baráttuna, meðal annars á Facebook.

MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS



Hressar sundvinkonur hittast í sundlauginni

Eldhressar Hafmeyjar

Í Lágafellslaug koma saman tvisvar í viku eldhressar konur sem fyrir utan að synda saman gera ýmislegt sér til skemmtunar. Eftir sunnið er sest á kaffihús Lágafellslaugar og drukkið kaffi, snædd rúnstykki, spjallað og spáð í bolla og þar er oftast en ekki ljóstrað upp leyndarmálum og séð fyrir um atburði. Þessar eldhressu konur hafa líka lagt land undir fót og farið saman í menningarferð með strætó upp á Akranes sl. haust. Einnig fóru þær á Þingvöllum í mestu hálfu vetrarins og drukku kaffi í Þjónustumiðstöðinni. Fyrirhuguð er ferð á Selfoss á næstunni og að sjálfsögðu verður farið með strætó. Hjördís Geirs söngkona slóst í þenn-

an glaða hóp sl. haust og fór hún þess á leit við hópinn að koma og syngja með sér í Mariuhúsi sem er dagvistun fyrir alzheimer-sjúklinga og það var ekki að orðlengja það að fyrir jólin var farin önnur ferð og jólalög sungin og einnig er fyrirhuguð vorferð. Hjördís hefur fundið nafn á sönghópinum og kallar hann Hafmeyjarnar.

Meðfylgjandi mynd var tekin í Mariuhúsi 10. des. og á henni eru Hjördís með gítarinn, Guðrún, Kristbjörg, Dísu, Gullý, Hulda, Jetta, Úlla og Þrúður Helgadóttir sem býr í Kanada en var stödd á landinu í jólafrí og slóst að sjálfsögðu með í hópinn.

MOSFELLINGUR

KEMUR NÆST ÚT 5. FEB - SKILAFRESTUR EFNIS 1. FEB.

Í eldhúsinu



HJÁ ÞÓREYJU

Maggakaka

Uppskriftin að þessu sinni kemur frá Þóreyju Heiðdal Vilhjálmsdóttur sem starfar hjá VBS Fjárfestingabanka.

Botnar:

4 eggjahvítur
1 bolli sykur
2-3 bollar rice crispies

Krem:

2-3 eggjarauður
50 gr flórsykur
100 gr brætt suðusúkkulaði
Tæplega 1 peli rjómi – þeyttur

Á milli botna:

1 peli þeyttur rjómi ásamt restinni af hinum
1 poki súkkulaði lakkriskurl (frá Nóa)

Hitið ofninn í 120°C. Stífþeytið eggjahvítarnar og sykurinn saman, hellið svo rice crispies varlega saman við. Skellið í tvö kökuform og bakið í 45-60 mín. Þeytið eggjarauðurnar og flórsykurinn saman – passið að hafa ekki of lint. Súkkulaðið er brætt og hrært saman við (passið að hafa það ekki of heitt).



Rjóminn svo settur varlega saman við. Súkkulaðilakkriskurlinu blandað við rjómann og sett á milli botnanna. Kremið sett ofan á og má skreyta með lakkriskurli. Gott er að setja á kökuna degi áður en hún er borðuð. Verði ykkur að góðu!

FYRIR EFTIR

Klipping: Katrín Sif Jónsdóttir
Módel: Helena Pálsdóttir



FYRIR



EFTIR

Hárstofan
Sprey
Háholt 14
S. 517 6677



Nýjasta línan frá Sebastian er komin



Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Steinarr Logi fæddist á SHA kl. 21:05, 30. nóvember 2009. Hann vó 3885 gr og er 51 cm að lengd. Foreldrar hans eru Þröstur Þorsteinsson og Hrefna Guðmannsdóttir.



Ingi Karl fæddist 25. nóvember 2009, 17 merkur og 53 cm. Foreldrar hans eru Sigmar Vilhjálmsson og Bryndís Björg Einarsdóttir. Bræður: Einar Karl og Vilhjálmur Karl.



Jón Heiðar Kjærnested fæddur þann 19. nóvember 2009. Hann var 14,5 merkur (3.605g) og 53 cm. Foreldrar eru Guðmundur Örn Kjærnested og Elín María Jónsdóttir.



Arna Sól Zoëga fæddist í Hreiðrinu þann 28. október 2009 kl. 20.20. Hún var 14 merkur og 50 cm. Foreldrar eru Hreiðar Örn Zoëga og Sólveig Ragnarsdóttir. Systkini hennar eru Ragnar Bjarni (9 ára) og Fjóla Rut (2 ára). Fjölskyldan býr í Fálkahöfða 17.

Nýir Mosfellingar

ORÐIÐ ER LAUST...

Léleg umgengni

Ástæða þess að ég sendi lesenda-bréf í Mosfelling er sú að ég fer daglega út að ganga með hundinn minn og get ég ekki lengur orða bundist um hversu ógeðslega mikill hundaskítur og sóðaskapur er á öllum helstu gönguleiðum. Það er algerlega ótækt að bjóða fólki upp á svona lélega umgengni eins og hér virðist tíðkast. Hvernig uppeldi er þetta eiginlega hjá ykkur? Það ber alveg rosalega á þessu nú þegar snjó hefur leyst. Ég gekk í dag frá göngustígnum frá Varmárlaug og alla leið að golfvöllinum og var hreint hrikalegt um að litast, hundaskítur og allskonar rusl út um allt og búið að sprengja eða eyðileggja hverja einustu ruslatunnu!!! Hvað er eiginlega að fólki hér í bæ? Fólk ætti að skammast sín og fara að rækta garðinn sinn og sitt nánasta umhverfi aðeins betur. Hversu erfitt getur það verið fyrir hundaeigendur að hafa með sér skítapoka? Sé á skítum að þetta

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli.

er rosalega mikið af saur frá stærri gerðum af hundum. Ef fólk fer ekki að athuga sinn gang, þá kæmi mér ekkert á óvart að við hundaeigendur vöknudum upp einn daginn við vandan draum þar sem hundahald yrði kannski bannað hér í bæ, og allt hundaeigendum um að kennal Einnig vinsamlegast hættið að henda rusli, eyðileggja ljósastaura og sprengja ruslatunnur út um allan bæ. Takið til ykkar sem eigið.

Lilja

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

Kenni bókhald og Excel!

bókhald • ársreikningar • skattframtöl

Inga Jóna Óskarsdóttir
viðurkenndur bókarí



www.bokhaldogkennsla.is
ingajona@internet.is

Grensásvegur 16, 108 Reykjavík, s. 691 0127



Gallery Garn Súluhöfða 15 270 Mosfellsbæ sími: 895 6086
Opnunartímar: mánudagar – fimmtudagar 13:00–18:00



ÖKUKENNSLA AKSTURSMAT

Guðrún Sigurfinnsdóttir
lökkiltur ökukennari frá KHÍ
GSM: 699-8115
utadaka@hive.is

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu

Útvega öll
jarðefni

VÖRUBILL Þ.B.
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142



BÍLSKÚRAR • SVALIR • BAÐHERBERGI • STOFUR • ELDHÚS • VERSLANIR • IÐNAÐARHÚSNÆÐI

Steinteppi & epoxy gólfefni



STOFAN



ELDHÚSIÐ



VINNUSTADURINN



SteinTeppi.is

Sími 864 6600

www.steinteppi.is | steinteppi@steinteppi.is

SPURNING TIL BÆJARBUA


Hver er fyndnast
maður Íslands?



LOFTUR:
Ég sjálfur



GIMMI:
Pétur Jóhann Sigfússon



LÁRUS:
Pétur Jóhann



BALDUR:
Enginn toppar Ladda.



ODDNÝ MJÖLL:
Það er Pétur Jóhann



SILJA RÁN: Ég bý erlendis, en sá
sem lék Ólaf Ragnar í Skaupinu.



Coventry - mæðgurnar



Kertasníkir á ferðinni



Á Bassastöðum



Stjáni og Gústi



Mæðgurnar



Styttist í Þorablótið



Gleðilegt ár Mosfellingar



Systur hennar Brynju




Hattur og fattur

HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Brakandi gott band




Toppaðu þetta



Ásdís Rán og Helga



Þróstur - Hjörtur



Bregðum blysum á loft



Una sér vel

MOSFELLINGUR
er á...
facebook



Áramótabombur



Gamlárspartý



Lukkulegir línumenn



Brennuvargarnir


JÓGARNIR



All-inn á brennu



FIRMAMEISTARAR AÐ VARMÁ
EFTIR VÍTASPYRNUKEPPNI



TVÍFARAR



TOMMI



KRIISI



BRUNO



BRUNO

BOLTINN Í BEINNI

ÞÚ FINNUR OKKUR Á FACEBOOK

ÁSLÁKUR

ÍPRÓTTAÞJÓÐIN ÍSLAND

Það er miklóð íþróttarárið 2010, þeir sem hafa gaman af því geta verið ánægðir með úrvalið þetta árið. HM í fótbolta, Vetrarólympíuleikar, EM í handbolta og allt það sem er í boði á hverju ári. Það má vera að Ísland hafi unnið glæsta sigra endrum og eins og ég vil ekki gera lítið úr þeim en þjóðarstoltið mitt vill meira miklu meira.

Ég er nokkurn veginn búinn að setta mig við að íslenska landsliðið í fótbolta karla mun aldrei spila í lokakeppni HM eða EM nema þá kannski að mótið yrði haldið á Íslandi og var stefnan sett á aldamótin 3100 eða árið 3200. Þannig að ég er með hugmynd sem getur bætt við í bikardollusafnið okkar Íslendinga. Við einfaldlega búum til nýja íþrótt sem við getum unnið í. Nú eða sækjum um að fá að setja inn nýja íþrótt inn á Ólympíuleikana. Glasalyftingar verður sú íþrótt sem við munum sigra heiminn í. Sú íþrótt býður upp á marga möguleika t.d. að keppa í mismunandi áfengistegundum, hversu miklóð magn þú getur teig-að; hversu fljótur þú ert með það magn; tvíliðaleikur; hvað þú getur staðið lengi í lappirnar eftir ákveðið magn o.s.frv.

Það eru óteljandi möguleikar með þessa nýju þjóðaríþrótt okkar Íslendinga. Hún hefur verið þjóðaríþrótt okkar lengi við höfum bara ekki viljað viðurkenna það. Það er ekki dónalegt að vera þjálfari Íslands í glasylyftingum enda mun sá hafa úr nægum „íþróttamönnum“ að velja. Við Mosfellingar gætum átt okkar fulltrúa í liðinu enda erum við með eitt öflugasta bæjarrónafélag landsins hér í bæ sem myndi verða verðugur fulltrúi okkar á Ólympíuleikunum í framtíðinni.

Það verður gaman þegar við sjáum á forsíðu fréttablaðsins þessa fyrirsögn: „Íslenska landsliðið vann til fernra gullverðlauna á Ólympíuleikunum og munum við taka vel á móti strákunum okkar þegar þeir koma heim“

Högni Snær



SMÁAUGLÝSINGAR FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Til leigu

Til leigu 3ja herbergja tæplega 70 fm íbúð í Krikkahverfi, Mosfellsbæ, á neðri hæð í einbýlishúsi. Leiguverð 93.000,- með hita. Uppl. í síma 895-1503.

Til leigu

90 eða 130 fm. stnyrtilegur salur í Þrúðvangi, Álafoskvos. Upplýsingar í síma 5666141 og 6608187.

Tapað hálsmen

Silfurhálsmen (Hjartarfi) tapaðist annað hvort á bílastæði World Class eða Krónunnar seinni part miðvikudagsins 13. janúar. Finnandi vinsamlegast hafi samband í síma 867-5074.

Smáauglýsingar sendist á:
mosfellingur@mosfellingur.is



Kreppuráð yfir jólin

Mosfellingur rakst á skemmtilegar kertaskreytingar í kringum hátíðarnar. Þegar betur var að gáð var það Erlingur Kristjánsson sem hafði fryst fleiri fötur af vatni og notað í skreytingar. Á neðri myndinni má svo sjá kallinn með heimatilbúið jólatré sem hefur vakið mikla lukku á heimili hans í Leirutanga.



Næsta blað kemur út:

5. febrúar

Skilafrestur er til 1. feb

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



**ÖKUKENNSLA
LÁRUSAR**

GSM 694-7597 - AKAMOS@TALNET.IS

Kenni á bíl, bifhjól eða skellinöðru!

Er með mótörhjólahermin, frábært fyrir byrjendur

Fáid tilboð, kenni allan daginn. Annast einnig öku-mat og upprifjun fyrir eldri borgara

Lárus Wöhler löggiltur ökukennari

ÞAÐ SEM TIL ÞARF

VGH
MOSFELLSBÆ
Verktaki - Vélaleiga
GSM: 896 6279 / 896 9443 / 896 2279

BÍLAPARTAR
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ

**VIÐ ERUM NÚ ORÐIN ÞJÓNUSTUAÐILI
FYRIR ÚRVINNSLUSJÓÐ**

Þú getur komið með bílinn til okkar og fengið skilagrein fyrir 15.000 króna úrvinnslugjaldi.

GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

B. Markan ehf.
Pípulagnir
660 6690

Viltu betri heilsu?
Leitaðu til ráðgjafa með reynslu

Ragnheiður Jóhannsdóttir
Herbalife ráðgjafi í Mosfellsbæ
Sími: 869 9913
betriheilsa.is/ragga, raggasj@gmail.com



Háholt 13-15

Fiskbúðin Mos

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa**Kjarna**
Pverholti 2
Sími: 534 3424

JÓLIN KVÖDD

Á þrettándabrennunni mátti sjá ýmsar kynjaverur úr herbúðum Grýlu og Leppalúða taka þátt í því að kveðja jólin með Mosfellingum.

Rétt hjá
JOA

Réttingar og sprautun

Flugumýri 16d
s. 577-1377 / 896-9497

www.rethhajoa.is

23. JANÚAR

ÞORRABLÓT
AFCEIRELDINGARFORSALAN ER HAFIN
á N1 í Háholtri

Mynd/Hilmur



Bugðutangi

Fallegt 202 fm raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr á rólegum stað við botngötu í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 4 svefnh og stór stofur. Ný og falleg eldhúsinnrétting. Verönd og fallegur garður. Hagstætt verð. Skipti á ódýri eign koma til greina.



Leirutangi

Mjög falleg og mikið endurnýjuð 92,3 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi í fjórbylishúsi við Leirutanga. Nýtt baðherbergi. Nýtt eldhús. Parket á gólfum. Sér garður. Falleg eign í barnvænu umhverfi. Laus fljótlega. Hagstætt verð.



Krókabyggð

Glæsilegt 220 fm. parhús á tveimur hæðum á góðum stað í Mos. Flottar innréttingar og gott skipulag. Glæsilegur garður með garðhúsi og góð aðkoma að húsi.



Brekkutangi m/aukaíbúð

Vel staðsett 288 fm tveggja hæða endaraðhús auk kjallarara með sér íbúð. Góður garður sem snýr í suðvestur. Laust fljótlega. Seljandi getur lánað allt að 85% af kaupverði á góðum vöxtum. Hagstætt verð. **V. 44,5 m.**



Stórikriki

Afar glæsileg 159 fm. eign á efstu hæð í þessu vandaða fjölbýli við Stórakrika. Eignin er með 24 fm. bílskúr og góðu herbergi inn af honum. Hiti í gólf í baðherbergi. Þetta er klassa eign. 3 rúmgóð svefnherbergi. **V. 32,8 m.**

**Þjónusta við**
Mosfellinga í 20 ár**Pétur Pétursson**
löggiltur
fasteignasali
897-0047**588 55 30**

Tröllateigur

Mjög fallegt 185 fm. raðhús á tveimur hæðum við Tröllateig í Mosfellsbæ. Góð svefnherbergi, flottar innréttingar. Stór sólpallur með heitum potti. Gott skipulag. Einstaklega falleg eign.



Lágholt

Fallegt og vel skipulagt 200 fm. einbýli við Lágholt. 4 svefnherbergi. Stór stofa með arni og útgengi í fallegan garð. Rúmgott eldhús. Útgengt úr herbergi á stóran sólpall. Stór og fallegur garður. Upptekin loft í stofu og eldhúsi. **V. 44,8**



Tröllateigur

Glæsileg 4. herb. 101 fm. íbúð á 2. hæð í vönduðu lítlu fjölbýli við Tröllateig í Mosfellsbæ. Sér inngangur. Björt stofa. Vandaðar innréttingar. Glæsileg gólfefni. Flott umhverfi í rólegu hverfi. Skipti á stærri eign í Mosó, helst í Holtunum.



Skólabraut

Fallegt og vel skipulagt 161 fm. einbýli við Skólabraut. Mikið endurnýjað hús. Nýjar innréttingar. Baðherbergi bæði ný tekin í gegn. Flottur pallur og 4 svefnherbergi. Eign í góðu viðhaldi. **V. 39,2 m.**